

Ungmennasamband Borgarfjarðar



Ársskýrsla 2015

Ritstjórn og uppsetning: Pálmi Blængsson

Prentun: Fjölritunar og útgáfuþjónustan

Efnisyfirlit

Formáli sambandsstjóra	4
Frá framkvæmdastjóra	5
Frá tólmstundafulltrúa	6
Afreksmannasjóður UMSB	7
Íþróttamaður Borgarfjarðar 2015	7
Göngunefnd UMSB.....	13
Aðildarfélag UMSB	15
Ársskýrslur aðildarféлага	16
Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar.....	16
Golfklúbbur Borgarness.....	18
Golfklúbburinn Glanni.....	23
Golfklúbburinn Skrifla.....	24
Hestamannafélagið Faxi	25
Hestamannafélagið Skuggi	26
Mótorsportfélag Borgarfjarðar.....	31
Skotfélag Vesturlands.....	32
Ungmennafélagið Björn Hítðælakappi	34
Ungmennafélagið Dagrenning.....	34
Ungmennafélagið Íslendingur	35
Ungmennafélag Reykdæla	37
Ungmennafélagið Skallagrímur	39
Badmintondeild Skallagríms.....	39
Knattspyrnudeild Skallagríms.....	40
Körfuknattleiksdeild Skallagríms	44
Sunddeild Skallagríms.....	48
Ungmennafélag Stafholtstungna.....	50
Ungmenna- og íþróttafélag Hvalfjarðarsveitar	54
Ársreikningur 2015	56

Formáli sambandsstjóra

Ársskýrsla UMSB fyrir árið 2015 er að venju yfirlit yfir starf aðildarfélaganna UMSB og sambandsins, ásamt fjárhagslegum upplýsingum um UMSB. Starfið í héraðinu hefur verið stundað af miklum krafti eins og sést við lestur ársskýrslna félaganna, þó að eðlilega sé töluverður munur á starfinu á milli féлага, sem skýrist af hlutverki hvers félags og eins mismunandi aðstæðum hjá félögum. Það koma margir einstaklingar að starfi aðildarfélaganna og vil ég þakka innilega öllum þeim, sem lagt hafa hönd á plóg, fyrir störf sem unnin voru í þágu hreyfingarinnar.

Starf UMSB hefur á undanförunum árum tekið miklum breytingum og eflst til mikilla muna og var seinasta ár eingin undantekning á því. UMSB kom á fót íþróttu og tólmstundaskóla í samstarfi við sveitarfélagið Borgarbyggð og fór mikill kraftur í það starf í byrjun, en sú starfsemi er farin að virka mjög vel, þó eðlilega sé hægt að finna eitthvað sem betur mætti fara í því starfi eins og öðru. Við fluttum skrifstofu sambandsins frá Borgarbraut 61 í húsnæði sem Borgarbyggð útvegar okkur að Skallagrímögötu 7a, sem er staðsett á besta stað fyrir okkur þ.e. niður við íþróttavöllinn. Skallagrímögata 7a er hugsuð sem nokkursskonar þjónustumiðstöð og aðstaða fyrir aðildarfélögin, nú þegar eru aðildarfélög farin að nýta þessa aðstöðu fyrir sína starfsmenn. Húsnæði UMSB að Borgarbraut 61 hefur verið leigt út og mun afreksmannasjóður UMSB nota hagnað af útleigu fasteignarinnar til úthlutunar styrks til afreksmanna héraðsins. Þetta er hins vegar aðeins lítið brot af því sem gerðist í starfi UMSB á liðnu ári en betri grein er gerð fyrir starfseminni í skýrslu framkvæmdastjóra UMSB

Framundan eru annasamir mánuðir við undirbúning á unglíngalandsmóti UMFÍ sem haldið verður næstkomandi verslunarmannahelgi í Borgarnesi. UMSB heldur mótið í samstarfi við UMFÍ og Borgarbyggð, við væntum þess að mótið verði fjölmennt og glæsilegt eins og öll fyrri unglíngalandsmót. Til að svo megi verða þá væntir UMSB þess að eiga gott samstarf við aðildarfélögin við undirbúning og framkvæmd á mótinu og treystir á góða þátttöku og ungmennafélagsanda félagsmanna aðildarfélaganna.

Ég hef gegnt stöðu sambandsstjóra seinustu fjögur ár sem hafa einkennst af framþróun hjá UMSB, sem gaman hefur verið að fylgjast með og fá að hafa áhrif á. En allt hefur sinn tíma og hef ég ákveðið að gefa ekki kost á mér til áframhaldandi starfa. Ég vil þakka fyrir það traust sem hreyfingin hefur sýnt mér, einnig vil ég þakka starfsfólki UMSB, samstarfsfólki í stjórn og stjórnarfólki aðildarfélaganna fyrir einstaklega gott samstarf undanfarnar fjögur ár.

Íslandi allt!

Sigurður Guðmundsson

Frá framkvæmdastjóra

Árið 2015 var starfsemi UMSB fjölbreytt og verkefnum að fjölga líkt og undangengin ár. Í janúar tók til starfa íþróttta og tómstundaskóli á vegum UMSB, en hann er fyrir börn í 1.-4. bekk grunnskóla og eru starfsstöðvar við alla grunnskólana í Borgarbyggð en þó með aðeins mismunandi sniði sem hentar hverjum stað fyrir sig. UMSB byrjaði að nota NÓRA félag og skráningakerfi og býðst aðildarfélögunum að nýta sér kerfið og eru þónokkur félög komin með aðgang og byrjuð að vinna í kerfinu. NÓRI er kerfi sem heldur utan um allar skráningar og innheimtu æfingagjalda og auðveldar þannig allt utanumhald og innheimtu þó alltaf sé aðeins meiri vinna en „venjulega“ þegar verið er að innleiða nýtt kerfi og venja notendur á nýjar aðferðir. Eins og kunnugt er þá er í gildi samningur milli UMSB og Borgarbyggðar um ýmis verkefni sem við sinnum fyrir sveitarfélagið en á árinu var undirritaður sambærilegur samningur við Skorradalshrepp og vonir standa til að á komandi ári verði hægt að ganga frá samningum við Hvalfjarðarsveit, þannig að hlutverk UMSB gagnvart sveitarfélögunum á starfssvæðinu sé vel skilgreint og eins hlutverk sveitarfélaganna gagnvart UMSB.

Sigurður Guðmundsson lét af störfum fyrir UMSB í nóvember og var þá auglýst eftir nýjum starfsmanni, en það var Hagvangur sem sá um ráðningarferlið sem lauk með því að Sigríður Dóra Sigurgeirsdóttir var ráðin í starfið. Við þökkum Sigga fyrir samstarfið og bjóðum Siggu Dóru velkomna til starfa og væntum mikils af henni í framtíðinni.

Á síðasta sambandsþingi UMSB var samþykkt að endurskoða framtíðarmarkmið UMSB og gera það með svipuðum hætti og núverandi markmið voru sett. Haldinn var opinn íbúafundur og svo vinnufundur formanna aðildarfélaganna þar sem fundarmenn komu sínum skoðunum á framfæri og voru gögn frá þessum fundum notuð til að setja fram ný framtíðarmarkmið UMSB sem kynnt voru á formannafundi haustið 2015 og eru lögð fram á þinginu núna í ársbyrjun 2016.

Ýmislegt fleira hefur verið í gangi hjá okkur í UMSB og má þar nefna að skrifstofan var flutt á Skallagrímsgötu 7a þar sem er ágætis aðstaða fyrir starfsmenn og gesti og eins eru aðildarfélögin dugleg að nýta skrifstofuna fyrir stjórnarfundum, foreldrafundum o.fl. viðburði. Gamla skrifstofan við Borgarbraut var máluð og parketlögð í lok árs og er svo komin í útleigu til sama aðila og leigði af okkur herbergi áður. Þetta skapar ágætis tekjur sem stjórnin hefur ákveðið að muni renna í afreksmannasjóð í samræmi við eldri áætlanir um að efla sjóðinn með sölu húsnæðisins. Í því samhengi er gaman að segja frá því að afreksmannasjóður er einmitt að eflast ár frá ári, en árið 2014 var heimild til að úthluta 240.000,-kr. og í mars 2015 var sú heimild komin í rúmlega 500.000,-kr. En stefnan er að geta á næstu árum úthlutað 1.000.000,-kr. án þess að skerða höfuðstól sjóðsins.

Við stóðum fyrir þjálfaranámskeiði sl. haust sem var styrkt af fræðslu og verkefnasjóði UMFÍ og var það þáttakendum að kostnaðarlausu. Þetta tókst ágætlega og er stefnan að halda fleiri námskeið á árinu. Smáþjóðaleikar voru haldnir í Reykjavík í júní þar sem UMSB félagar voru duglegir að leggja sitt af mörkum sem sjálfboðaliðar og vonandi að það gefi góð fyrirheit um góða þátttöku sjálfboðaliða á unglíngalandsmóti sem verður á okkar vegum í Borgarnesi um verslunarmannahelgina 2016.

Unglingalandsmótsnefnd hefur tekið til starfa og hefur talsverður tími farið í undirbúning og skipulagningu fyrir mótið. Ánægjulegt er að Borgarbyggð fékk 20 milljónir í styrk frá ríkinu til að undirbúa alla aðstöðu fyrir keppni, og með viðbótarframlagi uppá u.þ.b. 15 milljónir frá sveitarfélaginu er ljóst að farið verður í talsverðar endurbætur og viðhald á íþróttamannvirkjum og búnaði á árinu, en eitt af markmiðum okkar sem að undirbúningnum koma er að mótið skilji sem mest eftir sig þannig að framkvæmdir verði til frambúðar og að búnaður sem nýtist áfram verði keyptur frekar en leigður.

Þetta er nú það helsta sem gerst hefur á árinu 2015. Þó er fullt af fjölbreyttum verkefnum á dagskránni daglega ásamt samskiptum við sveitarfélögin á starfssvæðinu, ykkur í aðildarfélagunum, UMFÍ og ÍSÍ, svo ég hvet ykkur eindregið til að koma við á skrifstofunni hjá okkur við tækifæri og taka stöðuna, fá kaffi og sjá hvort við getum ekki gert eitthvað sem léttir ykkur lífið eða eflir starfið.

Pálmi Blængsson, framkvæmdastjóri UMSB

Frá tómstundafulltrúa

Árið 2015 var viðburðaríkt ár þegar kemur að tómstundum í Borgarbyggð. UMSB tók við þessum málaflokki 2014 og hefur síðan þá verið unnið hart að því að byggja upp gott tómstundastarf í Borgarbyggð. Sigurður Guðmundsson hætti um áramótin og tók ég Sigga Dóra við stöðu hans 4. janúar. Framundan eru bjartir tímar og stefnum við öll í sömu átt að búa til gott tómstundastarf fyrir íbúa í sveitarfélaginu.

Það eru nokkur verkefni sem tómstundafulltrúi heldur utan um:

Þau eru íþróttta og tómstundaskólinn sem er starfræktur á Kleppjárnsreykjum, Hvanneyri, Varmalandi og Borgarnesi. Hann er fyrir 1.-4. bekk og eru dagskrár mismunandi fyrir hvern stað en reynt er að hafa gott úrval íþróttta og námskeiða fyrir þennan hóp á hverjum stað fyrir sig. Hann hefur gengið ágætlega og höfum við tekið eftir aukningu á íþróttaiðkun hjá þessum aldurshópi. Reynt er að bjóða upp á annarsskonar námskeið sem eru ekki íþróttatengd, gekk það misvel á milli starfsstöðva en þróunin er allt í rétta átt.

Félagsmiðstöðvastarf fellur einnig undir UMSB, tvær félagsmiðstöðvar eru í sveitarfélaginu en það er Óðal í Borgarnesi og Gaukurinn á Bifröst. Gaukurinn er opinn einu sinni í viku en Óðal er opið þrisvar í viku og tvo daga af þeim er hægt að ganga inn í Óðal beint eftir skóla. Það var ósk unglíngana að breyta opnunartímanum frá því hvernig hann var árið 2015 og var það strax gert á nýju ári. Unglíngarnir eru mjög virkir að búa til alls kyns viðburði og eru þeir vel sóttir en Óðal er opið fyrir alla unglíngla í Borgarbyggð!

Sumarverkefnin eru tvö, það er skipulagning á sumarfjöri fyrir 1.-7. bekk og halda utan um vinnuskólann fyrir unglíngla í 8.-10. bekk. Gengu bæði þessu verkefni vel og fengum við hellingsreynslu sem við munum nýta okkur í komandi skipulagningu fyrir sumarið 2016.

Árið 2015 var gott ár, það tekur tíma að hafa þetta eins og við viljum, en við erum í réttri átt. Hlakka ég til að takast á við þetta verkefni og vinna með ykkur í komandi framtíð.

Sigga Dóra, tómstundafulltrúi UMSB

Afreksmannasjóður UMSB

Afreksmannasjóður UMSB var stofnaður á 86.sambandsþingi UMSB, þann 13.mars 2008 og var stofnframlagði styrkur frá Orkuveitu Reykjavíkur að upphæð 500.000,-kr.

Tekjur sjóðsins er hlutfall af lottótekjum UMSB samkv. reglugerð, vaxtatekjur, og önnur framlög.

Undanfarin ár hefur sjóðurinn verið að úthluta upp. 200-250.000,-kr. árlega en með samningum við sveitarfélögin á starfssvæði UMSB og auknum tekjum sjóðsins er stefnt að því að sjóðurinn geti úthlutað amk. 1.000.000,- á ári hverju án þess að skerða höfuðstól sjóðsins. Nú þegar eru þessir samningar að skila sér og í mars 2015 voru rúmlega 510.000,-kr til úthlutunar.

Eftirtaldir hlutu styrk úr sjóðnum í mars 2015:

Arnar Smári Bjarnason karfa og frjálssar	60.000,-kr.
Arnar Þórsson dans	35.000,-kr
Birgitta Björnsdóttir dans	35.000,-kr.
Bjarki Pétursson golf	150.000,-kr.
Daði Freyr Guðjónsson dans	75.000,-kr.
Helgi Guðjónsson karfa, fótbolti og frjálssar	100.000,-kr.
Þorgeir Þorsteinsson karfa	60.000,-kr.

Íþróttamaður Borgarfjarðar 2015

Veittar voru viðurkenningar til þeirra sem tóku þátt í landsliðsverkefnum á árinu 2015.

Viðurkenningar fyrir Landsliðssæti:

- Bjarki Pétursson – Landsliðið í Golfi
- Daði Freyr Guðjónsson- Landslið í Dans
- Harpa Hilmisdóttir- Landslið í Badminton
- Helgi Guðjónsson- Landslið í U-17 Knattspyrnu
- Konráð Axel Gylfason- Landslið Hestamanna
- Þorgeir Þorsteinsson- Landslið U-15 í Körfubolta

Tilnefningar í kjöri íþróttamanns Borgarfjarðar 2015 í stafrófsröð

- **Aðalsteinn Símonarson tilnefndur fyrir Akstursíþróttir**

Aðalsteinn er Íslandsmeistari í Rallý 2014 og 2015 og var hann tilnefndur sem rallökumaður ársins 2015 hjá AKÍS. Hann er aðstoðarökumaður Baldurs Haraldssonar í Rallýliðinu TímOn og voru þeir félagar í verðlaunasæti í öllum keppnum sumarsins nema einni. Aðalsteinn er sá maður sem allir í rallýinu þekkja, virða og leita til því hann er vinur í raun og hefur ávallt einhverjar lausnir eða ráð og skiptir þá engu hvort um er að ræða að aðstoða nýja öikumenn með nótur, keppnishaldara með mótahald eða annað.

- **Anton Elí Einarsson og Arna Jara Jökulsdóttir tilnefnd fyrir dans**

Anton Elí og Arna Jara hófu að dansa saman haustið 2011 í Dansskóla Evu Karenar og hafa dansað saman síðan. Þau kepptu í flokknum Unglingar II í efsta styrkleikaflokki í grunnsporum og náðu gríðarlega góðum árangri á árinu, þau urðu bæði Íslands- og Bikarmeistarar í Latín dönsum og eru ósigruð á árinu í Latín dönsum auk þess sem þau voru á verðlaunapalli í öllum mótum sem þau tóku þátt í Ballroom dönsum. Þau fóru á árinu til Blackpool í Englandi og kepptu í einni stærstu danskeppni heims fyrir 16 ára og yngri.

- **Arnar Smári Bjarnason tilnefndur fyrir frjálssar íþróttir**

Arnar Smári hefur keppt í frjálsum frá 6 ára aldri og tekið þátt í unglingsmótum og Íslandsmótum, hann er mjög fjölhæfur frjálssíþróttamaður og hefur náð frábærum árangri í mörgum ólíkum greinum. Á árinu 2015 náði Arnar Smári því að vera sprettharðastur á landinu í sínum aldursflokki, varð Íslandsmeistari tvisvar og setti alls 7 ný Borgarfjarðarmet auk þess að vera valinn í urvalshóp FRÍ. Hann er einbeittur í því sem hann tekur sér fyrir hendur og leggur mikinn metnað í að gera vel, hann er boðinn og búinn að aðstoða liðsfélaga sína bæði innan og utan vallar og er góður liðsfélagi, hann er jákvæður, tekur leiðbeiningum vel og er jarðbundinn.

- **Birgitta Dröfn Björnsdóttir tilnefnd fyrir dans**

Birgitta Dröfn Björnsdóttir hefur dansað við Daníel Sverri Guðbjörnsson frá því í febrúar 2015. Hún byrjaði að æfa dans 6 ára gömul með DÍB og hefur alltaf sótt æfningar af kappi og dugnaði. Hún hefur keppt víða erlendis m.a. í Danmörku, Englandi og París með prýðis árangri. Hún hefur tvisvar verið valin í landaliðakeppni í Blackpool þar sem einungis 4 pör eru valin frá hverju landi, auk þess sem hún hefur tvisvar landað Íslandsmeistaratitli í gömlu dönsunum. Birgitta Dröfn leggur mikið á sig til að komast á æfingar en þær fara fram í Reykjavík og ætlar hún sér langt í dansinum sem á hug hennar allan.

- **Daði Freyr Guðjónsson og Marta Carrasco tilnefnd fyrir dans**
 Daði Freyr byrjaði að æfa dans 7 ára á Kleppjárnsreykjum en Marta byrjaði að æfa 7 ára í Dansskóla Ragnars Sverrissonar og hafa þau dansað saman síðan í febrúar 2015. Þau kepptu á nokkrum mótum á Íslandi með góðum árangri auk þess sem, þau kepptu á Europa Imperial Championship og International Championships í London og heimsmeistaramóti áhugamanna í Ballroom dönsum sem fram fór í Litháen. Daði Freyr Guðjónsson og Marta Carrasco eru eitt efnilegasta 10 dansa par í flokki fullorðinna á Íslandi í dag. Þau eru einstaklega góðar fyrirmyndir fyrir yngri iðkendur; stunda íþróttina sína af kappi, eru ávallt kurteis og tillitsöm og sýna yngri nemendum skilning og áhuga. Þau taka tilsögn vel og leggja sig ávallt fram við æfingar.

- **Einar Örn Guðnason tilnefndur fyrir kraftlyftingar**
 Einar Örn hóf sinn íþróttuferil hjá Ungmennafélaginu Dagrenningu í frjálsum íþróttum og sundi með góðum árangri. Kraftlyftingar byrjaði Einar að æfa árið 2009, með kraftlyftingafélaginu Metal en skipti svo yfir í Kraftlyftingafélag Akraness árið 2010 og byrjaði að keppa árið 2011 með góðum árangri. Einar Örn varð Íslandsmeistari í bekkpressu í janúar 2015 og í kraftlyftingum í maí í 105kg flokki. Hann setti Íslandsmet í hnébeygju og í samanlögðu á árinu og fór í fyrsta skipti yfir 500 wíllsstig.
 Einar er núna 5. á styrkleikalista yfir landið óháð þyngdarflokki og aldri og kveður árið rosalega ánægður með árangurinn.
 Eftir árið á Einar Örn 8 Íslandsmet í heildina þar af 2 í flokki fullorðinna.

- **Guðmunda Ólöf Jónasdóttir tilnefnd fyrir sund**
 Guðmunda Ólöf eða Mumma Lóa eins og hún er kölluð hefur alla tíð verið viðloðandi sundíþróttina. Hún æfði sund og keppti sem unglingur á Ísafirði og þegar sundlaug var opnuð á Bolungarvík árið 1977 hafði hún forgöngu um stofnun sunddeildar UMF.B. Árið 2015 tók Mumma Lóa þátt í Íslandsmeistaramóti Garpa í Vestmannaeyjum, þar sem hún keppti í 10 greinum og vann fyrsta sæti í sínum aldursflokki í þeim öllum auk þess sem hún setti 5 Íslandsmet í aldursflokknum 65-69 ára. Hún keppti líka á Norðurlandameistaramóti Garpa í Færeyjum í september þar sem hún vann 3 gull, 2 silfur og 2 brons í aldursflokki 65-69 ára, og setti auk þess 3 Íslandsmet til viðbótar. Mumma Lóa hefur alla tíð hvatt áfram sundmenn bæði unga sem aldna, verið góð fyrirmynd og drifkraftur til góðra verka.

- **Helgi Guðjónsson tilnefndur fyrir knattspyrnu**
 Helgi er mjög fjölbæfur íþróttamaður sem hefur verið í stöðugri framför á undanförunum árum og fram til ársins 2015 setti hann m.a. 59 Borgarfjarðarmet í sundi og frjálsum íþróttum ásamt því að spila

körfubolta og knattspyrnu bæði með yngri flokkum UMF. Reykdæla og yngri landsliðum.

Helgi hefur nú ákveðið að einbeita sér að knattspyrnunni og varð hann Reykjavíkúrmeistari með Fram í þriðja flokki og var hann þar markahæstur á mótinu, skoraði 19 mörk í 7 leikjum. Hann varð einnig Bikarmeistari með Fram og var markahæstur með 9 mörk í 5 leikjum. Framarar urðu síðan hársbreidd frá því að komast í úrslitakeppnina á Íslandsmótinu en Helgi varð markahæstur á Íslandsmeistaramótinu með 30 mörk í 14 leikjum. Helgi kom við sögu í þremur leikjum með meistarflokki Fram og skoraði í þeim 3 mörk.

Fram tók þátt í Barcelona summer cup mótinu á Spáni á árinu og unnu þeir mótið þar sem Helgi var markahæstur með 15 mörk í 7 leikjum. Hann skoraði alls 90 mörk fyrir Fram á árinu í opinberum leikjum og æfingaleikjum. Hann varð ásamt U-17 landsliðinu í þriðja sæti á opna Norðurlandamótinu í knattspyrnu. Helgi spilaði með U-17 landsliðinu í undankeppni fyrir EM þegar liðið vann sér rétt til að spila í milliriðli á EM í knattspyrnu en sá riðill verður spilaður í mars í Frakklandi. Honum var á árinu boðið til enska 1.deildar félagsins Brighton og var hann hjá félaginu í eina viku við æfingar og keppni. Hann spilaði einn leik með unglingaliði félagsins gegn Southampton og skoraði eina mark liðsins í þeim leik. Á knattspyrnuvellingum er Helgi kappsamur, útsjónarsamur,gríðarlega fljótur og með með frábærar staðsetningar, en hvort sem hann er innan eða utan vallar er Helgi ávallt til fyrirmyndar enda mikið gæðablóð og með sín markmið á hreinu.

- **Ingibjörg Rósa Jónsdóttir tilnefnd fyrir badminton**

Inga Rósa byrjaði að æfa badminton 6 ára og hefur alla tíð æft og keppt með UMF Skallagrím.

Í byrjun árs var Inga Rósa á yngra ári og var að skila sér í undanúrslit í tvíliða og tvenndarleik. Í september færðist hún svo á efra ár í sínum flokki og hefur henni gengið vel. Hún er ósigruð í tvenndarleik ásamt Brynjari Má Ellertsyni frá ÍA en þau hafa sigrað 4 mót á tímabilinu. Í einliðaleik hefur hún sigrað eitt mót og einu sinni orðið í 2. sæti og í tvíliðaleik hefur hún ásamt Kötlu Ófeigsdóttir ÍA orðið í 2. sæti á einu móti. Samkvæmt styrkleikalista Badmintonsambands Íslands er hún á efst á lista í tvenndarleik ásamt Brynjari Má og í einliðaleik er hún í öðru sæti. Tvenndarleikur er sérgrein Ingu Rósu og þar er hún á toppnum í sínum flokki en í einliðaleik eru hún á meðal fjögurra sterkustu stúlkum landsins í hennar flokki en flokkurinn er afar sterkur.

- **Konráð Axel Gyfason tilnefndur fyrir hestaíþróttir**

Konráð Axel hefur stundað og æft hestaíþróttir frá unga aldri. Hann byrjaði snemma að sýna góðan árangur í keppni með ólíka hesta og í mörgum greinum hestaíþróttanna. Konráð hefur verið virkur

þátttakandi í mótum og oftast en ekki staðið sér eldri og reyndari knöpum sér framar á keppnisbrautinni. Hann hefur tekið þátt á Íslandsmótum yngri flokka undanfarin ár með góðum árangri og hefur oftast en ekki verið í toppbaráttunni. Árangur hans á árinu 2015 er glæsilegur en þar má m.a nefna að hann var í 1.sæti í 100m skeiði í ungmennaflokki á Reykjavíkurmestaramóti Fáks, hann var einnig í 1.sæti í 100m skeiði á Skeiðleikum nr. 1 á Selfossi og í 2. Sæti í 150m skeiði á sama móti. Konráð Axel var stigahæsti knapi og með hæsta samanlagða árangur á Skeiðleikum nr. 1 á Selfossi og vann fyrsta Öderinn, sem er bikar gefinn í minningu Einars Öder. Hann var valinn í landslið Íslands í hestaíþróttum og keppti á HM í Herning þar sem hann náði glæsilegum árangri og endaði í 7.sæti í 100m skeiði.

- **Sigtryggur Arnar Björnsson tilnefndur fyrir körfuknattleik**

Sigtryggur Arnar er uppalinn hjá Breiðablik en hefur einnig spilað með Tindastól í Úrvalseild karla. Fyrir tímabilið 2013-14 kom Sigtryggur til Skallagríms eftir námsdvöl í Kanada. Sigtryggur sem er 22. ára gamall stimplaði sig hressilega inn í íslenskan körfubolta á síðasta tímabili og var eftirsóttur af liðum í Dominos deildinni en ákvað að halda tryggð við Skallagrím og er það gífurlegur fengur enda frábær leikmaður og fyrirmynd yngri iðkenda. Sigtryggur Arnar sýndi á árinu 2015 að hann er að verða á meðal bestu leikstjórnenda Íslands og tala tölurnar þar sínu máli. Í úrvalsdeild karla tímabilið 2014-15 var Sigtryggur með 16,7 stig, 4,3 fráköst, 5 stoðsendingar og 2,6 stolna bolta að meðaltali í leik. Hann var algjör lykilmáður í liði Skallagríms og var valinn leikmaður ársins hjá liðinu af liðsfélögum sínum á lokahófi körfuknattleiksdeildar Skallagríms í mars 2015. Sigtryggur hefur slegið í gegn með Skallagrími á yfirstandandi leiktímabili þar sem hann er alger lykilmáður í að koma Skallagrími aftur í deild þeirra bestu. Sigtryggur Arnar leiðir liðið með rúmlega 25 stig, 7,4 fráköst og 6,6 stoðsendingar að meðaltali í leik og er hann fimmti yfir alla leikmenn deildarinnar í heildarframlagi. Sannarlega gífurlegar framfarir eftir frábært ár árið áður.

- **Sigursteinn Ásgeirsson tilnefndur fyrir frjálssar íþróttir**

Sigursteinn hóf æfingar hjá Ungmennafélagi Stafholtstungna á Varmalandi 2007 er hann hóf grunnskóla göngu og fljótlega komu í ljós hæfileikar hans í köstum og körfubolta. Sigursteinn æfir frjálssar íþróttir hjá UMF.Stafholtstungna og Frjálssíþróttafélagi Borgarfjarðar og á síðasta ári var Sigursteinn einn af þremur fremstu kúluvörpum og spjótkösturum landsins í sínum aldursflokk. Hann keppti á nokkrum mótum innanlands á árinu 2015 með góðum árangri og má þar m.a. nefna SamVest mót í Borgarnesi þar sem hann var í 1.sæti í kúluvarpi, kringlukasti og spjótkasti. Bikarkeppni 15 ára og yngri þar sem hann var í 1.sæti í kúluvarpi og 4.sæti í kringlukasti. Sigursteinn keppti einnig

á Gautaborgarleikunum þar sem hann náði ágætis árangri. Ásamt því að æfa frjálsar íþróttir þá æfir Sigursteinn einnig körfubolta með Skallagrími af miklum eldmóð og leggur hann sig ávallt allan fram á hverri æfingu, er útsjónarsamur á körfuboltavellinum og stefnir á að verða einn af bestu kúluvarps og spjótkösturum landsins.

- **Viktor Már Jónasson tilnefndur fyrir knattspyrnu**

Viktor Már byrjaði að æfa knattspyrnu 5 ára gamall á Dalvík og hefur hann að mestu leyti æft og spilað með Dalvík í gegnum tíðina og þar hefur hann nokkrum sinnum fengið tilnefningu sem íþróttamaður Dalvíkurbyggðar. Árið 2010 fór hann upp um deild með uppeldisfélagi sínu og hefur spilað í 2. deild síðan þá að undanskildu síðastliðnu sumri þar sem hann spilaði með Skallagrím í 4.deild. Viktor tók þátt í Íslandsmótinu með Skallagrím þar sem liðið var hársbreidd frá því að komast í úrslitakeppnina, en einnig tók Skallagrímur þátt í Borgunarbikarnum þar sem liðið féll úr leik í annari umferð gegn BÍ/Bolungarvík. Viktor setti sér tvö stór markmið fyrir knattspyrnusumarið 2015. Hið fyrra var að vera kjörinn leikmaður ársins og náðist það markmið hjá honum. Það seinna var að komast upp um deild með Skallagrím en því miður varð það ekki raunin. Vonandi mun Viktor því snúa aftur í Borgarnes næsta sumar og klára þau markmið sem hann setti sér. Viktor leggur sig alltaf 100% fram í bæði keppni og æfingum. Hann býr yfir mikilli reynslu sem knattspyrnumaður og er duglegur að leiðbeina þeim sem eru yngri og gera þá að betri leikmönnum fyrir vikið

- **Þorgeir Ólafsson tilnefndur fyrir hestaíþróttir**

Þorgeir hefur verið í hestamennsku frá því hann man eftir sér og hefur hann stundað sína hestamennsku af mikilli alúð alla tíð, mest á félagssvæði Skugga í Borgarnesi. Elja hans og dugnaður hefur skilað honum í fremstu röð meðal sinna jafnaldra í félaginu og hefur hann verið þáttakandi á landsmótum hestamanna í flokkum barna, unglinga og nú síðast ungmenna. Árinu 2015 tók Þorgeir þátt í öllum mótum KB mótaraðarinnar og var þar alltaf í úrslitum og efstur í fimmgangi ungmenna, ásamt því að hann varð í 2. sæti í gæðingaskeiði í opnum flokki á íþróttamóti Faxe og Skugga. Þorgeir var svo efstur á gæðingamóti Faxe og Skugga í ungmennaflokki og var hann einnig efstur í firmakeppni Skugga í ungmennaflokki. Besti árangur hans á árinu 2015 var þegar hann komst í A-úrslit í tölti ungmenna á Íslandsmótinu í júlí með einkunnina 7,37 og þar með varð hann þriðji efstur á stöðulista í World Feng yfir landið í tölti T1. Þorgeir er án nokkurs vafa með betri fyrirmyndum sem hægt er að óska sér í hestamenskunni, þróðmennska hans er einstök hvort sem er í þjálfun eða keppni og virðing hans fyrir hestinum er augljós og aðdáunarverð.

Úrslit í kjöri íþróttamanns ársins

- 5. sæti - **Arnar Smári Bjarnason**
- 4. sæti – **Konráð Axel Gylfason**
- 3. sæti – **Aðalsteinn Símonarson**
- 2. sæti – **Einar Örn Guðnason**
- 1. sæti - **Helgi Guðjónsson**



Göngunefnd UMSB

Í ljósi reynslunnar síðustu ár þá var ákveðið að bjóða uppá meira krefjandi göngur þetta árið (greint er frá reynslunni í skýrslu vegna 2014).

Formlegt gönguár hófst þó á stuttu kvöldnámskeiði þann 15. apríl 2015 í ferðamennsku umfjöllunarefnið var undirbúningur gönguferða, klæðnaður og útbúnaður, annar búnaður, rötun og GPS auk kynningar á vetrarferðamennsku. Umsjón með þessu kvöldi höfðu Þór Þorsteinsson, Sigurjón Einarsson og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir.

Fyrsta ganga ársins var svo fyrirhuguð sunnudaginn 19. apríl á Snjófjöll. Áætlað var að mæta við Fornahvamm í Norðurárdal kl 10.00 og ganga þaðan, áætluð vegalengd var 15 km heildarganga, og ferðatími 6-8 klst. Því miður varð ekkert af þessari ferð vegna veðurs.

Ganga númer tvö var farin sunnudaginn 10. maí, og var ætlunin að ganga Hafnarfjallshring. Mæting var á bílastæði við Hafnarfjall kl 9.00. Alls mættu þrír aðilar í þessa göngu. Áætlað var að ganga hefðbundna leið á Hafnarfjall og koma svo niður Tungukoll að austanverðu. Heildarvegalengd var áætluð um 15 km og ferðatími 6-7 klst. Veður var bjart þennan dag, sólskin, norðaustan átt og kalt. Ferðin sóttist vel en hópurinn varð frá að hverfa vegna íss þegar fara átti á Gildalshnjúk, það var því aðeins einn tindur klifinn af sjö í þessari ferð.

Þann 13. júní, tókum við daginn snemma, vorum mætt uppúr kl. fimm á laugardagsmorgni í Kalmannstungu á tveimur vel búnum jeppum. Frá Kalmannstungu keyrðum við innfyrir Torfabæli við uppgöngu á Eiríksjökul. Gengið var af stað um kl 7. Veður var gott, og skyggni gott mestan part leiðarinnar en þó örlítið svekkelsi á toppnum þegar þoka lagðist yfir. Alls þrettán manns tóku þátt í þessari göngu en Stefán Kalmannsson var fararstjóri. Gangan tók í allt um sjö tíma.



Fjórða og síðasta ganga þessa árs var á Heiðarhorn sunnudaginn 30. ágúst. Gengið var úr Svínadal, kl 10.00 en Sigurjón Einarsson leiddi gönguna. Ferðin sóttist vel en gangan tók um sex tíma og var veðrið gott á meðan á henni stóð en aðeins skýjað á toppnum, útsýni inní Skorradal var gott þó lítið skyggni væri í aðrar áttir. Alls tóku 12 þátt í þessari göngu.

Göngunefnd UMSB 2015 þakkar fyrir sig.

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, Sigurjón Einarsson, Björg Kristófersdóttir.



Aðildarfélög UMSB

Félag	Fjöldi félagsmanna	Þingfulltrúar
UMF.Íslendingur	157	2
UMF.Dagrenning	60	1
UMF.Reykðælir	168	2
UMF.Stafholtstungna	179	2
UMF.Egill Skallagr.	49	1
UMF.Skallagrímur	1149	11
UMF. Björn Hítid.	64	1
HMF. Skuggi	276	3
HMF. Faxi	265	3
GK Borgarness	226	3
GK Glanni	77	1
GK Húsafells	23	1
GK. Skrifla	27	1
Dansíþróttafélag Borgarfjarðar	56	1
Ungmenna og íþróttaf. Hvalfjarðarsv.	65	1
Frjálsíþróttaf. Bgf.	39	1
Mótorsportfélag Borgarfjarðar	83	1
Skotfélag Vesturlands	104	2
Samtals	3067	38

Ársskýrslur aðildarfélaga


Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar

Árið 2015 var fyrir margra hluta sakir stórt ár fyrir Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar. Tvennt stóð þó uppúr og voru það annars vegar kaup á langþráðum tímatökutækjum sem gera félaginu kleift að vera með "löglega" tímatöku í hlaupum á okkar heimavöllum. Fjölmargir aðilar studdu við félagið, bæði einkaaðilar sem og önnur félög. Gerður var m.a. samningur við Sam-Vest samstarfið um afnotarétt héraðssambandanna á Vesturlandi á tækjunum en íþróttasjóður styrkti Samstarfið veglega til kaupanna. Einnig styrkti Ungmennafélag Stafholtstungna félagið veglega en félögin hafa starfað náið saman með samnýtingu þjálfara o.þ.h. Nýju tímatökutækin voru vígð á vígslumóti í byrjun Júní þar sem um 70 þátttakendur allstaðar af Vesturlandi tóku þátt og er félagið nokkuð montið af nýju tækjunum og þeim öflugna hóp sem nú þegar hefur lært á tækin.



Bjarni Þór hlaupstjóri fer yfir skráningar í spretthlaupi á Vígslumóti Frjálsíþróttafélagsins.

Hitt stóra afrek félagsins er glæsilegi hópurinn af iðkendum sem kepptu fyrir hönd félagsins á Gautaborgarleikum í júlí. 7 keppendur fóru frá FB en einnig fóru tveir aðrir frá UDN. Hópurinn stóð sig afar vel úti í Gautaborg og söfnuðu dýrmætri keppnisreynslu í bankann.



Hér má sjá glæsilegan keppendahóp frá Sam Vest á Gautaborgarleikum í Svíþjóð

Æfingar félagsins voru með svipuðu sniði og áður, Bjarni Þór Traustason sér um æfingar fyrir yngri krakka, eða þann hluta sem fellur undir Tómskundaskóla UMSB en þær æfinar hafa á bilinu 40-50 krakkar sótt. Unnur Jónsdóttir þjálfar eldri deildina, sá hópur fær einn æfingatíma í salnum á viku og einn tíma úti eða í þreksal. Sú nýbreytni var þó tekin upp haustið 2015 að bjóða uppá æfingar á Hvanneyri einu sinni í viku sem Unnur sér um. Tæplega 20 krakkar mæta á þessar æfingar, sem gjarnan fara fram úti ef veður leyfir enda afar takmörkuð aðstaða til frjálsíþróttaiðkunnar í Íþróttahöll Hvanneyringa.

Félagið stóð fyrir Frjálsíþróttaskóla í samstarfi við UMFÍ og FRÍ í sumar. Um 30 krakkar af öllu Vesturlandi tóku þátt í skólanum og æfðu undir styrkri stjórn Bjarna Þórs vikuna 8. – 12. Júní. Eins og oft áður var félagið styrkt til verksins af verslunum og grænmetisbændum á svæðinu og sendir félagið kærar þakkir fyrir það.

Að lokum má nefna að á sambandsþingi UMFÍ í október sl. Var Sam Vest samstarfið heiðrað með fyrirmyndarverðlaunum UMFÍ fyrir þann árangur sem samstarfið hefur náð en Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar starfar í SamVest samstarfinu fyrir hönd UMSB.

Í stjórn klúbbsins:

Formaður	Ingvi Árnason
Varaformaður	Björgvin Óskar Bjarnason
Ritari	Guðmundur Finnsson
Gjaldkeri	Margrét Guðnadóttir
Meðstjórnandi	Guðmundur Daníelsson

Inngangur

Að baki er 42. starfsár klúbbsins. Þetta ár verður minnum haft fyrir hinn mikla viðsnúning sem hefur orðið í rekstri klúbbsins. Þar kom margt til, fjárhagsleg endurskipulaging klúbbsins, gott sumar en síðast en ekki síst framlag starfsmanna og félaga klúbbsins á liðnu ári. Völlurinn okkar okkar var í „topp standi“. Aðsókn vallargesta ver með því mesta í sögu klúbbsins og aðsókn að mótum klúbbsins með besta. móti..

Golfsamband Íslands leitaði til okkar með mótahald fyrir sín mót. Sveitakeppni 1. deildar karla, það sem sveit GB átti sæti. Einnig Íslandsbankamótaröðina, mótaröð unglunga. Keppendur rómuð völlin og nefndu m.a. að flatirnar á Hamarsvelli væru bestu flatir golfvalla landsins. Klúbburinn okkar hefur í gegnum árin þurft að glíma við aðstæður svo sem veður og vinda og aðrar ytri aðstæður sem geta verið okkur bæði hagstæð og óhagstæð rétt eins og veðrið. Í hugum okkar eru góðu árin fleiri en hin slæmu. Veður hafa verið okkur hagstæð á síðustu 15 árum, nema árin 2013 og 2014.

Aðrar „ytri aðstæður“ svo sem peningamálin hafa ekki verið eins stöðugar og veðrið. Eftir fjármálalegt logn á árunum 2000 – 2007 þá skall á fellibylur, eða hrunið, sem breytti stöðu okkar félags. Þrátt fyrir góð ár var skuldastaða okkar þannig að hún tók til sín of stóran hluta tekna okkar í fjármagnskostnað. Þegar tvö mögur ár komu 2013 og 2014, þá varð ekki við neitt ráðið.

Rekstur golfklúbbsins

Á aðalfundi GB á síðasta ári var tilkynnt að gjaldþol klúbbsins væri brostið og klúbburinn væri í viðræðum við bankann um skuldmál og eftirfarandi lesið upp.

„Nú á haustdögum tók stjórn klúbbsins þá ákvörðun, að höfðu samráð við ráðgjafa, að tilkynna bankanum að ekki verði greitt frekar af lánum klúbbsins við þessar aðstæður. Staðan er nú þannig að skuldamál klúbbsins eru nú til meðferðar hjá bankanum og gætir ráðgjafi okkar hagsmuna okkar í því ferli“

Jafnframt var tilkynnt að ekki yrði lögð fram fjárhagsáætlun við þessar aðstæður og boðað til framhaldsaðalfundar þegar niðurstaða lægi fyrir í fjármálum klúbbsins.

Gangur málsins.

Ráðgjafar okkar, sem komu frá Atvinnuráðgjöf Vesturlands, þeir voru Ólafur Sveinsson og Einar Þorvaldur Eyjólfsson, skoðuðu rekstur klúbbsins og lögðu fram áætlun um fjárhagslega endurskipulagningu klúbbsins. Unnið var að málinu desember og janúar þar sem fulltrúar bankans og ráðgjafar okkar skiptust á upplýsingum. Niðurstaða lá fyrir að hálfu bankans um miðjan febrúar.

Tillaga þeirra var að ef GB greiddi 15 m.kr yrði klúbburinn skuldlaus við bankann.

Í framhaldi af því var leitað til Borgarbyggðar um aðkomu þeirra að uppgjöri við bankann og sáu ráðgjafar okkar um það. Á þeim tíma stóð Borgarbyggð í endurskipulagningu á sínum rekstri og var ekki niðurstöðu að fá hjá þeim fyrr en lok apríl.

Niðurstaða málsins varð þessi:

Borgarbyggð greidd okkur framkvæmdastyrk 2015 og fyrirfram framkvæmdastyrk fyrir 2016 sem var síðusta greiðsla af framkvæmdasamning frá 2007, samtals 13. m.kr.

Klúbburinn lagði fram það sem á vantar, eða 2.0 m.kr., með góðra mann hjálp. (fyrirfram greiddar tekjur)

Arionbanki fékk sína 15 m.kr. greiðslu og klúbburinn varð skuldlaus við bankann.

Á framhaldsaðalfundi sem haldin var 29. apríl 2015 var gerð grein fyrir málinu og fjárhagsáætlun fram fyrir 2015 og 2016.

Í fjárhagsáætluninni var gert ráð fyrir að rekstartekjur hækkuðu um 5,4 m.kr og að gjöld hækkuðu um 3,7 m.kr. Var gert ráð fyrir að reksturinn yrði því neikvæður um 3,1 m.kr. Ársreikningur liggur nú fyrir og þar má sjá að árið var okkur mjög hagstætt. Tekjur hækka á milli ára um 4,7 m.kr og gjöld lækka um 13,2 m.kr og er niðurstaða ársreiknings jákvæður um 18,2 m.kr. Hafa ber í huga að tekjuhlíð ársreikningsins er með fyrirfram reiddum styrkjum (ársins 2016) vegna uppgjörs við bankann. Af einstökum liðum vekur mesta athygli lækkun rekstarkostnaðar. Það er fyrst og fremst að þakka okkar starfsmönnum, bæði launuðum og ólaunuðum, sem skiluðu miklu og góðu vinnuframlagi fyrir klúbbinn. Hafi þeir bestu þakkir fyrir.

Gerð verður nánari grein fyrir ársreikningi klúbbsins hér á eftir.

Svo sem fram hefur komið í ársreikningum klúbbsins á liðnum árum þá hefur reksturinn verið í járnum. Ef veður og aðstæður hafa verið góðar hefur reksturinn verið réttum megin við núllið. Þar kemur til hvað völlurinn okkar er vinsæll meðal gesta. Við höfum átt hóp mjög tryggra gesta sem koma hingað jafnvel þó að veður og aðstæður séu ekki góðar. Á síðasta ári fengum við „gula spjaldið“, aðstæður voru einfaldlega ekki boðlegar. Þar fóru saman dæmalaus vætutíð og erfiður völlur bæði fyrir leikendur og vallarstarfsmenn með tilheyrandi tekjutapi og kostnaðarauka við hirðingu vallarins. Sem hluta af fjárhagslegri endurskipulagningu klúbbsins var farið í rýni á golfvöllinum og sett fram markmið sem eru í stuttu máli þau: „Gera völlinn auðspilaðan fyrir alla kylfinga“. „Lágmarka tíma í að leita að bolta“ Að kylfingar geti spilað vandræðalítið golf“.

Þetta átak skilaði sér í aukum vallartekjum og almennri ánægju kylfinga sem léku völlinn og voru þeir ósparir á láta það heyrast, sem er besta auglýsingin fyrir okkur.

Um árabíl hefur klúbburinn haft umsjón með hirðingu á Skallagrímsvelli. Á síðasta ári var það ekki að koma vel út fjárhagslega og var því ákveðið að segja þeim samningi upp.

Framkvæmdir, völlurinn.

Svo sem fram kemur hér að farman voru lagðar línur um að gera völlin spilavænlegri fyrir alla kylfinga. Karginn var slegin niður og brautir breikkaðar.

Ráðist var í að grisja trjágróður á vallarsvæðinu og opna völlinn betur og gera hann um leið fallelgrí. Þar fóru fyrir Jón G Ragnarsson með flokk manna sem sáu um skógarhöggið og síðan að kurla allt saman þannig að Ebba ætti eitthvað til að setja í trjábeðin.

Þá var ráðist í að þurrka 6. brautina, voru gamlir lagnaskurðir lagfærðir og nýir lagðir. Einnig voru aðgerðir á 1. braut til að þurrka upp bleytusvæði.

Klúbbnum barst höfðingleg gjöf frá félagi í klúbbnum, Ásgeiri Bolla Kristinssyni, hann ánafnar klúbbnum aðvirði einnar milljónar í trjáplöntum á þessu og næsta ári. Gjöfinni er ætlað, að sögn Bolla, að gera völlinn að fyrsta eiginlega skógarvelli landsins.

Starfsmannamál

Sem liður í fjárhaglegri endurskipulagningu klúbbsins var nauðsynlegt að gera breytingar á starfsmannhaldi. Jóhannes steig fram og bauðst til að taka að sér umsjón vallarins með úrvali starfsmanna, stráka sem hafa unnið hjá okkur á undanförunum árum og sjálfboðaliðum sem voru tilbúnir að leggja hönd á plóginn. Það var þegið með þökkum.

Samtals voru 5 launaðir starfsmenn að störfum í sumar: Jóhannes Ámannsson, Traust Eiríksson, Eggert Örn Sigurðsson, Arnór Tumi Finnsson, Arnar Smári Bjarnason. Einnig kom að vinnu á vellinum 2 starfsmenn frá unglíngavinnu bæjarins.

Sjálfboðaliðar stóðu einnig vaktina, Björgvin Óskar Bjarnason var fulltrúi Jóhannesar á skrifstofunni og sinnti daglegum störfum framkvæmdastjóra ásamt því að vera mótsstjóri klúbbsins eins og undanfarin ár. Bergsveinn Símonarson var á vaktinni á útisvæðum og hélt röð og reglu á hlaðinu og æfingasvæðinu ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. Þórhallur Teitsson var sérlegur vaktamaður á rakastigi flata og vökvaði þau þegar þurfti ásamt því að útrýma miður æskilegum gróðri sem sækir að okkur nú á seinni árum, en það er Lúpína, Njóli og Skógarkerfill. Ebba var á sínum stað, að grisja, kurla, planta, skreyta og fegra.

Þessum starfsmönnum, bæði launuðum og ólaunuðum, vil ég færa bestu þakkir fyrir vel unnin störf, dugnaður og metnaður um að hafa völlin okkar sem allra bestan skein úr hverju handbragði þeirra.

Sérstakar þakkir vil ég færa Jóhannesi fyrir framlag hans. Hann byrjaði s.l. vetur að gera upp vélar klúbbsins. Lagði upp áætlun um að koma vellinum í topp stand svo eftir væri tekið.

Hann stóð við sitt ætlunarverk með sínu harðsnúna liði starfsmanna og sjálfboðaliða. Vinnuframlag hans er ómetanlegt.

Mótahald

Skráð mót á Hamarsvelli sumarið 2015 voru 46. Þar með eru talin mót annarra aðila (hópa/fyrirtækja) en GB. Á vegum klúbbsins voru haldin 17 innanfélagsmót og 8 almenn opin mót. Auk þess voru tvö GSÍ mót, þ.e. Sveitakeppni GSÍ 1. deild karla og Íslandsbankamótaröðin, mótaröð unglunga. Tekjur af mótahaldi hækkðu á milli ára úr 3,6 m.kr í 4,0 m.kr.

Fjöldi félaga - vallartekjur

Félögum klúbbsins fækkaði um 46 frá fyrra ári, eru nú 146. Tekjur af vallargjöldum hækkðu um 1,9 m.kr og eru nú 12,9 m.kr. Vallar- og mótagjöld eru nú að jafngildi um 192 félag á fullu gjaldi. Haft er sem viðmið við rekstur 18 holu golfvalla að 400 félag þurfi til að standa undir rekstrinum, eða jafngildi þeirra í seldum vallar- og mótagjöldum. Við erum nú með 392 „féлагаígildi“ samkvæmt þessari reglu.

Árangur félaga GB á árinu

Stefán Rafn Stefánsson og Fjóla Pétursdóttir urðu klúbbmeirarar árið 2014. Bjarki Pétursson, okkar besti kylfingur var við keppni og æfingar Þýskalandi í sumar.

Sveitakeppni GSÍ fór fram í ágúst. Þrjár sveitir tóku þátt í keppninni í ár.

Sveit karla keppti í 1. deild sem fram fór hér á Hamarsvelli. Sveitin stóð sig framar vonum og lenti í 5. sæti og tryggið áframhaldandi veru í 1. deild.

Sveitina skipuðu: Rafn Stefán Rafnsson, Hlynur Þór Stefánsson, Jóhannes Kristján Ármannsson, Arnór Tumi Finnsson, Hilmar Þór Hákonarson, Jóhann Már Sigurbjörnsson, Finnur Jónsson og Pétur Sverrisson.

Sveit öldunga í karlaflokki keppti í 2. deild sem fram fór í Sandgerði dagana 21.-23. ágúst. Sveitin hafnaði í 6. sæti og leikur áfram í 2. deild.

Golfkennsla.

Golfkennari klúbbsins Haraldur Már Stefánsson sagði sig frá kennslu í byrjun sumar. Við tók Kristvin Bjarnason PGA kennari.

Inniaðstaða

„Eyjan Inniaðstaða“ var vel nýtt s.l. vetur. Reglulegar æfinga voru skipulaðar í öllum flokkum. Þútt-mótaröðin var vel sótt of ungum sem öldnum. Golfhermirinn nýttist vel fyrir æfingar og leik og voru um 80 hringir leiknir í herminum.

Samstarfsaðilar

Hótel Hamar hefur séð um rekstur Golfskálans fyrir okkur frá 2013. Þar hafa félag og gestir notið veitinga yfir sumarið og sáu Ragheiður og Sara um að allir hefðu eitthvað til að nærast

á. Samstarf við Hótel Hamar hefur verið farsælt í gegnum árin, ekki bara hvað varðar rekstur skálans, heldur einnig fyrir okkur félagi GB hvað varðar viðburði í starfi klúbbsins, svo sem verðlauna- og lokahóf sumarsins. Alltaf hafa dyr Hótel Hamars stað opnar og vel verið gert við okkur félagana. Hótel Hamar, eina „Golfhótel“ landsins hefur sett sinn svip á starfsemi klúbbsins. Hóтелиð hefur boðið kylfingum „Golfpakka“ þ.e. Golf, gistingu og mat með ýmsum afbrigðum. Horfum við fram á áframhaldandi aukningu „golfhótelgesta“ á komandi árum. Eigendur að Hótel Hamri eru Sigurður Ólafsson og Ragnheiður K. Nielsen. Við þökkum þeim ánægjulegt samstarf á liðnu ári.

Samskipti við aðra klúbba

Samningar við aðra klúbba eru í aðalatriðum tvískiptir. Í fyrsta lagi eru það samningar þar sem klúbbar kaupa aðgang fyrir félagsmenn sína að Hamarsvelli og hins vegar þar sem um er að ræða gagnkvæma samninga um afslátt á vallagjöldum.

Samningar um kaup á vallagjöldum eru eftirfarandi:

- Golfklúbburinn Glanni (GGB) gegn greiðslu 1.500 kr
- Golfklúbbur Suðurnesja (GS) gegn greiðslu 2.500 kr
- Golfklúbbur Grindavíkur (GG) gegn greiðslu 2.500 kr □ Golfklúbburinn Setberg (GSE) gegn greiðslu 2.500 kr
- Golfklúbburinn Kjölur (GKJ) gegn greiðslu 2.500 kr
- Golfklúbburinn Leynir (GL) gegn greiðslu 1.500 kr □ Golfklúbbur Kóp & Garðabæjar (GKG) fyrir klukkan 13:00. □ Golfklúbburinn Oddur(GO) fyrir klukkan..... 13:00.

Gagnkvæmir samningar um 50% afslátt af vallagjöldum eru eftirfarandi:

- Golfklúbbur Akureyrar (GA)
- Golfklúbbur Vestmannaeyja (GV)
- Golfklúbburinn Mostri (GMS)
- Golfklúbburinn Vestarr (GVG)
- Golfklúbburinn Jökull (GJÓ)
- Golfklúbbur Selfoss (GOS)

Lokaorð

Í þessari skýrslu hefur verið stiklað á stóru um helstu atriði í starfsemi Golfklúbbs Borgarness.

Gerð er grein fyrir starfi nefnda í sérstökum skýrslum sem lagðar eru fram hér á fundinum. Þessa árs, sem er 42. starfsár okkar, verður minnst fyrir hinn mikla viðsnúnings í rekstri klúbbsins. Ársins sem við náðum að koma okkur á aftur á eðlilegan rekstargrundvöll eftir þær efnahagsþregingingar sem við höfum átt við að glíma allt frá hrúni. Björninn er þó ekki unninn, við þurfum áfram að gæta hófs í rekstri og í öllum fjárfestingum. s.s. í vélum og vallarframkvæmdum. Nauðsynlegt er að byggja upp okkar eiginfjárstöðu þannig að við getum mætt þeim sveiflum sem fylgja rekstri sem þessum.

Árið var okkur að mestu hagstætt veðurfarslega og okkar viðskiptavinir til marga ára komu aftur og tók gleðina sína á ný við golfleik hér á Hamri. Völlurinn var í topp standi í allt sumar svo eftir var tekið.

Ég vil að lokum þakka stjórn, starfsmönnum okkar, nefndum og öðrum félögum og velunnurum gott starf í þágu klúbbsins og samstarsaðilum öllum ánægjulegt samstarf. Sérstaka þakkir vil ég færa framkvæmdastjóra klúbbsins Jóhannesi Ármannssyni fyrir hans vinnuframlag. Hann var arkitektinn af því skipulagi sem unnið var eftir hér á Hamri í sumar og fylði því eftir svo eftir var tekið. Hann hafði á að skipa harðsnúnu liði starfsmanna og sjálfboðaliða sem unnu frábært starf.

F. h. stjórnar Golfklúbbs Borgarness

Ingví Arnason

Golfklúbburinn Glanni.

Eftir töluverða undirbúnings vinnu var golfvöllurinn opnaður 23. maí. 2015. Kalt var í júní og því var mjög rólegt á vellinum til að byrja með sem hafði örugglega mikil áhrif á tekjur.

Hótel Bifröst rak golfskálann eins og árið áður. Reksturinn á golfskálannum var þungur, lítil umferð var í skálann vegna þess hversu kalt var í byrjun sumars. Mikil umferð ferðamanna var alla daga, nokkrar rútur koma við á bílastæðinu við golfskálann daglega, þessir ferðamenn koma til að skoða fossinn Glanna og Paradís. Stefnan er að reyna að gera samning við ferðaþjónustufyrirtækin um að stoppa við golfskálann svo farþegarnir geti keypt sér veitingar hjá okkur. Nú erum við að leita að aðila sem vill taka að sér reksturinn á golfskálannum í sumar. Einnig vantar okkur starfsmenn á golfvöllinn í sumar.

Tveir nemendur á Bifröst unnu á golfvellinum, nóg var að gera hjá þeim við að slá golfvöllinn ásamt öðrum verkum sem þarf að sinna. Sótt var um styrk til Borgarbyggðar sem samsvaraði atvinnuleysisbótum í þrjá mánuði fyrir einn starfsmann. Þessu erindi okkar var því miður hafnað af hálfu sveitarstjórnar.

Golfvöllurinn er ágætlega tækjum búinn en vélarnar orðnar nokkuð gamlar og þurfa mikið viðhald og biluðu töluvert hjá okkur. Á miðju sumri kviknaði í röffslátuvélinni okkar og var hún því úr leik. Ákveðið var að kaupa aðra Toro röffvél sem við fengum notaða frá Akranesi, þetta er lítið notuð tíu ára gömul vél. Í vetur keyptum við notaða handslátuvél fyrir flatir og gamla flatarlátuvélin okkar verður seld.

Stjórnarmenn unnu töluvert í sjálfboða vinnu á vellinu, sett var bárujárnsþak á minni gáminn vegna þess að þakið á honum var orðið lélegt. Einnig unnu stjórnarmenn við götun og söndun á flötum, grisjun trjáa og trjáskurl borið i göngustíga. GSÍ mót í áskorendamótaröðinni var haldið í sumar sem útheimti töluverða undirbúningsvinnu af hálfu stjórnarmanna og einnig á sjálfan keppnisdaginn. Eins var innanfélagsmót haldið í lok sumars.

Stjórnarfundir hafa verið haldnir reglulega í vetur og við erum nú á fullu að undirbúa komandi golfvertíð. Í sumar verður golfklúbburinn 10 ára og hafin er vinna við að skipuleggja afmælistímið sem verður haldið í júlí. Annað GSÍ mót í áskorendamótaröðinni verður haldið á vellinum í ágúst. Svo verður innanfélagsmót í lok sumars.

Aðalfundur var haldinn í byrjun desember. Heldur færri heimsóknir voru á völinn síðastliðið sumar og því var afkoma síðasta árs ekki eins góð og við vonuðumst eftir en samt tókst að skila taplausu ári. Fyrrverandi stjórn gaf kost á sér aftur og var hún kosin einróma. Snorri Þórðarson formaður, Garðar Hilmarsson varaformaður, Viðar Þorsteinsson gjaldkeri, Jónas Magnússon ritari, Kolbeinn Pálsson stjórnarmaður og varamaður Jón Freyr Jóhannsson.

Nú fer að líða að sumri og vonandi verða veðurguðirnir okkur hliðhollir í ár. Sjáumst hress og kát á golfvellinum Glanna í sumar.

Golfklúbburinn Skrifla

Meginstarf félagsins er að styrkja rekstur Reykholtisdalsvallar. Það hefur samning við eigendur golfvallarins um heimili klúbbsins og fyrirgreiðslu í Golfskálanum Byrgishóli að Nesi í Reykholtsdal, réttindi og aðgang félagsmanna að vellinum hverju sinni. Félagið er aðili að Golfsambandi Íslands.

Fullgildir félagar eru 24. Unglingar 17 ára og yngri eru ekki gjaldskyldir séu þeir skráðir félagar í klúbbum

Starfsemi félagsins var hefðbundin á árinu. Vormót félagsins var haldið 20 júní og var leikið eftir Texas Scramble fyrirkomulagi. Snorramótið var haldið 22 ágúst og voru þátttakendur 15 talsins.

Í samvinnu við félagsskap eldri borgara var haldin á Reykholtisdalsvelli keppni í pútti milli Akraness og Borgarfjarðar.

Þátttakendur í Snorramótinu 2015



Hestamannafélagið Faxi

Starf hestamannafélagsins Faxe árið 2015 var með nokkuð hefðbundnu sniði. Í upphafi árs byrjuðu KB mótin, sem eru samstarfsverkefni Faxe og Skugga. Það er alltaf jafn mikill áhugi fyrir þessum mótum og skemmtileg stemning í kringum þau.

Félagið hélt íþróttamót í byrjun maí, í samstarfi við Skugga. Einnig héldum við sameiginlegt gæðingamót sem tókst í alla staði vel.

Reiðvegir á félagssvæði Faxe eru langir, alltaf fæst nokkur fjárveiting í þá og er reynt er að laga helstu reiðleiðir, þó hefur mesta áhersla verið lögð leiðina vestur á löngufjörur þar sem hún nýtist sem flestum.

Aftur var að Faxagleðin var haldin á Stóra-Kroppi í byrjun ágúst. Var það hin besta skemmtun og tókst í alla staði mjög vel. Hafa staðahaldarar bestu þökk fyrir.

Knapamerkjanámskeið fyrir börn voru haldin á Skáney í samstarfi við GBF. Það náðist góð þátttaka og var mikil ánægja með þau. Stefnt er að því að halda þessu samstarfi áfram í vetur ef mögulegt er.

Formenn hestamannafélaganna 5 á Vesturlandi hafa haft þann sið að hittast 2-3 á ári undanfarin ár þar sem raðað er niður mótum og uppákomum félaganna svo þau rekist síður á. Eins hefur verið töluverð samvinna á milli þessara félaga til að ná niður kostnaði í hinum ýmsu þáttum.

Það kom í okkar hlut að halda uppskeruhátíð Vestlenskra hestamanna þetta árið og var hún haldin í Fosshóтели Reykholti. Þessi hátíð var haldin í nóvember og tókst í alla staði vel og skemmti fólk sér lengi nætur. Það stóð til að halda þessa hátíð í Hótel Húsafelli en vegna mikillar aðsóknar var ekki pláss fyrir okkur þar.

Fh. hestamannafélagsins Faxe

Kolbeinn Magnússon formaður.

Hestamannafélagið Skuggi

Stofnað 01. Janúar 1990

Félagar: 276

Stjórn félagsins, kosin á aðalfundi Skugga þann 26. nóvember 2015:

Stefán Logi Haraldsson, form.	stefan@limtrevirnet.is
Reynir Magnússon, varaform.	reynir@loftorka.is
Kristján Þ. Gíslason, ritari	kristgis@simnet.is
Svanhildur Svansdóttir, gjaldkeri	svany@postbox.is
Sigurþór Óskar Ágústsson, meðstj.	austurholt3@simnet.is

Varastjórn:	Sigríður Jóna Sigurðardóttir	hraunholt@simnet.is
	Auður Ásta Þorsteinsdóttir	dila@simnet.is
	Erla Rún Rúnarsdóttir	erlarun91@gmail.com

Skýrsla stjórnar 2015.

Stjórn félagsins á starfsárinu 2015, sem kosin var á aðalfundi Skugga þann 04. desember 2014 var þannig skipuð:

Stefán Logi Haraldsson, form., Reynir Magnússon, varaform., Kristján Þ. Gíslason, ritari, Svanhildur Björk Svansdóttir, gjaldkeri og Sigurþór Óskar Ágústsson, meðstj.

Varastjórn skipuðu þau: Sigríður Jóna Sigurðardóttir, Birgir Andrésen og Erla Rún Rúnarsdóttir, en varastjórn hefur einnig verið boðuð til allra funda stjórnar.

Stjórn Skugga hefur á starfsárinu haldið 6 bókaða stjórnarfundi, auk allmargra óformlegra funda stjórnarmanna með nefndum félagsins og fulltrúum annarra hestamannafélaga á Vesturlandi, starfsmönnum sveitarfélagsins og fleiri aðilum er tengjast starfsemi. Þá hafa formaður og aðrir stjórnarmenn sótt formannafundi hjá UMSB og LH. Fulltrúar frá Skugga sóttu síðan sambandsþing UMSB. Þá var formaðurinn fulltrúi félagsins á aðalfundum í hlutafélagunum Reiðhöllin Vindás ehf. og Selás ehf.

Stjórnin hóf starfsár sitt á að fara yfir þær áherslur sem starfið framundan þyrftu að hafa og var byrjað á því að skipta nefndum félagsins niður á ábyrgðarsvið stjórnarmanna með það í huga að hver stjórnarmaður bæri ábyrgð á að starf viðkomandi nefnda væri virkjað og vera um leið tengiliður stjórnar við þá nefnd. Þetta er liður í að dreifa starfinu í stjórninni og reyna að tengja starf stjórnar betur við nefndir og starfsemina almennt í félaginu. Þetta kerfi höfum við viðhaft um nokkurra ára skeið og gefist þokkalega. Starfsemi nefnda var mismikil á þessu starfsári og sumar nefndir félagsins hafa lítið látið til sín taka á árinu á meðan aðrar nefndir félagsins hafa þó haft í miklu að snúast og drifið áfram öflugt og gott starf í félaginu. Það skal ávallt vera áskorun okkar fyrir næsta starfsár að gera þarna betur og virkja fleiri félag til starfa. Það mun verða vikið betur að starfi einstakra nefnda í skýrslunni hér á eftir.

Upplýsingagjöf til félagsmanna um viðburði og starfsemina hefur sem fyrr að mestu farið fram í fréttum á heimasíðu félagsins, fésbókarsíðu félagsins og með fjölpósti á netfangalista félagsins.

Mótahald á vegum félagsins var sem fyrr mjög blómlegt á starfsárinu og stóð mótanefnd okkar fyrir Gæðingamóti, Íþróttamóti og firmakeppni. Gæðingamótið og Íþróttamótið voru haldin í samstarfi við Hmf. Faxe og eins var með KB mótaraðina sem haldin var að venju á fyrstu mánuðum ársins, en þar voru haldin þrjú mót í samstarfi félaganna. Kaupfélag Borgfirðinga var áfram styrktaraðili þessarar inni-mótaraðar og styrkti það að vanda með mjög myndarlegum hætti. Hagnaður varð af öllu mótahaldinu þetta starfsárið, svo sem fram kemur í reikningum okkar, en hagnaður af KB mótaraðinni rann óskipt til rekstrarfélags reiðhallarinnar, Seláss ehf.

Sameiginlegu sumarmótin okkar og Faxe, Gæðingamót og Íþróttamót voru styrkt sérstaklega af Arionbanka og Líflandi, sem gerði það í raun kleift að skila þessum mótum með góðum hagnaði. Kunnum við þessum aðilum bestu þakkir fyrir stuðninginn við þetta mótahald.

Í byrjun þessa árs ákvað stjórnin að fjárfesta í útvarpssemi, sem hugsaður er til að auðvelda áhorfendum og keppendum að fylgjast með framgangi móta, bæði á mótum utanhúss og ekki síst á þeim mótum sem haldin eru í reiðhöllinni. Sendirinn var pantaður á netinu og kostnaður við hann var óverulegur, en vonandi kemur hann að góðu gagni í framtíðinni.

Æskulýðsnefndin stóð að vanda fyrir mjög öflugum og fjölbreyttu starfi á árinu og var snemma á starfsárinu sett niður drög að starfinu framundan. Í félaginu eru á milli 40 og 50 börn, unglingar og ungmenni, sem eru virk í starfinu og sækja það starf sem í boði er hjá félaginu, en það hefur verið boðið upp á fjölbreytta viðburði við allra hæfi. Bókleg kennsla í knapamerkinu hófst stax í október, á síðasta ári, í Grunnskólanum í Borgarnesi, en skólinn hefur lengi átt gott samstarf við félagið um bóklega hluta námsins og geta unglingar í eldri bekkjunum t.d. tekið knapamerkið sem valfag. Í vetur voru tveir nemendur í knapamerki nr. 1, átta nemendur voru í knapamerki nr. 2, þrír nemendur í knapamerki nr. 3 og þrír nemendur í knapamerki nr. 4. Heiða Dís Fjeldsted sá um knapamerkin, svo sem áður og skilaði þar frábæru starfi, að vanda. Mörg fleiri viðfangsefni voru skipulögð af Æskulýðsnefndinni, svo sem þátttaka í Vesturlandssýningu, keppnisnámskeið og almennt reiðnámskeið fyrir 5 til 11 ára börn. Miðvikudaginn 01. apríl komu síðan börn frá Þyt í Húnaþingi Vestra í heimsókn og skelltu börnin okkar upp sýningu fyrir þau og úr varð vel heppnaður dagur í góðri samveru við þau. Þá var Æskulýðsdagur Skugga haldinn 29. maí, s.l., sem lokahnykkur á vetrarstarfið og tókst sá viðburður með miklum ágætum, frábær í alla staði. Krakkarnir okkar voru síðan dugleg að taka þátt í mótum á starfsárinu og ekki annað að sjá en mikil gróska geti verið í okkar æskulýðsstarfi framundan.



Frá Æskulýðsdegi Skugga, 29.05.2015



Frá KB mótarað, 15.03.2015

Beitarmálin hjá okkur í Skugga voru með svipuðu sniði og fyrra ár en ásókn í hagabeit var þó örlítið minni í ár, en 263 hross voru skráð í sumarbeit (voru 266 í fyrra), 75 hross voru skráð í haustbeit (voru 78 í fyrra) og 75 hross voru skráð í heilsársbeit (voru 78 í fyrra).

Beitarnefndin sá um úthlutun beitarhólfanna og umsjón með þeim, sem fyrr og gekk það nokkuð vel fyrir sig og vandamálalaust að útvega beit fyrir þau hross sem sótt var um fyrir.

Beitarnefndin hefur það hlutverk að sjá um að framfylgja leigusamningum okkar við Borgarbyggð og Holtslandið og uppfylla þau ákvæði sem þar er að finna, svo sem smölun á haustin o.þ.h. Beitarsamningurinn við Borgarbyggð er í raun löngu runninn út en í honum er framlengingarákvæði um eitt ár til viðbótar, ef ekki er sagt upp fyrir mitt árið og þar sem sveitafélagið sagði samningnum ekki upp á síðasta ári þá er samningurinn í gildi út næsta ár, að minnsta kosti. Vonast ég til að nú fari að draga til tíðinda með gerð á nýjum beitarsamningi við sveitafélagið og þarf sá samningur að vera á svipuðum nótum og núverandi samningur en þó væntanlega aðlagður að þeim breytingum sem orðið hafa, eitthvað aukið beitarsvæði og vonandi með afdráttarlausari niðurstöðu um raunverulegt beitarland sem okkur er ætlað í samningnum.

Skammtímabeitin á félagssvæðinu, í kringum hesthúsin í Borgarnesi, hefur verið úthlutað samkvæmt fyrirmælum sem stjórnin hefur útbúið og í samráði beitarnefndar og stjórnar, einhver misbrestur hefur þó orðið á að hesthúseigendur fari eftir þeim reglum sem settar hafa verið og því miður hefur samskiptaleysi stundum verið á milli fulltrúa beitarnefndar, stjórnar og hesteigendanna sem sækjast eftir að nýta þessi svæði. Einnig þarf að taka af öll tvímæli um hvort sveitafélagið hefur eitthvað á móti því að við nýtum öll þau svæði sem við höfum verið að ráðstafa til félaga okkar.

Reiðveganefnd sá að vanda um að sækja um fjármagn til reiðvegagerðar og uppskáru einungis um 850 þúsund til félagsins, af reiðvegaúthlutun ársins og voru þeir fjármunir nýttir að fullu. Starf reiðveganefndar er metnaðarfullt og má í því sambandi nefna að nefndin sótti um 2,8 millj. til tveggja verkefna, en því miður var úthlutun reiðvegasjóðs ekki í samræmi við umsókn okkar. Mikið starf er því enn framundan í reiðvegagerð hjá okkur.

Umhverfisnefnd félagsins hafði veg og vanda af árlegri tiltekt í hesthúsahverfinu og var auk þess að sjá til þess að ýta við félögum að fjarlægja rusl af kerruplani og rúlluplani, einhver tiltekt varð á þeim svæðum í framhaldi af því. Umhverfismálin á félagssvæði okkar þurfa og ættu að vera í huga okkar hestamanna því svæðið okkar þarf að vera okkur til sóma sérstaklega núna þegar aukin starfsemi fer fram á svæðinu á næsta starfsári, s.s. íslandsmótið og unglíngalandsmótið sem bæði verða áberandi viðburðir á svæðinu næsta sumar.

Ferðanefnd Skugga stóð að vanda að fjöruferð í Rauðanesfjörur, um páskana og síðan var auglýst síðsumarferð í lok ágúst s.l., en þátttaka náðist því miður ekki í þá ferð og var hún því slegin af. Það er orðið verulega knýjandi að endurhugsa verkefni ferðanefndar og reyna að koma á öðru fyrirkomulagi, sem hentað gæti fleiri félagsmönnum og endurvakið þá stemmingu sem ávallt myndast við að ferðast saman í skemmtilegum hóp félagsmanna og gesta. Verður það verkefni næstu ferðanefndar að ráðast í þá endurskipulagningu, með hjálp stjórnar ef eftir því verður óskað.

Firmanefnd skilaði ágætis fjáröflun þetta árið, þó verulega lægri upphæðir hafi safnast en fyrri ár. Þar er þó ekki við formann nefndarinnar að sakast, þar sem því miður voru nánast engir af kjörnum nefndarmönnum tilbúnir til að taka til hendinni og held ég að einungis formaður og einn annar nefndarmaður hafi safnað þeim áheitum sem söfnuðust. Einkennilegt, þetta er nú frekar léttur verkefnalisti sem fyrir nefndinni liggur og tekur fljótt af. Betur verður gert hjá næstu nefnd vonandi.

Kaffinefnd félagsins stóð sig með miklum sóma og skilaði góðum tekjum í ár, þrátt fyrir færri mót en á fyrra ári. Það eru oft langar vaktir sem nefndarmenn þurfa að standa og undirbúningur gjarnan töluverður fyrir mótisdagana, svo sem við bakstur og eldamennsku. Nefndarfélagar og aðrir velunnarar eiga mikið hrós skilið fyrir starfið í sumar. Betri aðstaða í eldhúsi félagsheimilisins hefur vonandi skilað þægilegri vinnuástöðu, þó vissulega eigi enn eftir að bæta úr nokkrum þáttum enn.

Rafmagnsnefnd félagsins hafði heldur minni umsvif á árinu í viðhaldi og nýlögnum á félagssvæðinu heldur en oft áður. Formaður nefndarinnar, hann Rúnar Karl Jónsson skilaði þó frábæru starfi við alla endurnýjun á raflögnum og rafbúnaði í félagsheimilinu, við endurbæturnar þar. Guðmundur og Lilja höfðu síðan veg og vanda af aflestri og innheimtu rafmagnsgjalda í hverfinu, svo sem þeirra frábæri starfi hefur verið undanfarin mörg ár, hjá félaginu. Reglan er ætíð góð á hlutunum þar og meðal annars var hægt að nýta góðan sjóð sem safnast hefur í rafmagnsnefndinni til að styrkja félagið við framkvæmdirnar í félagsheimilinu, en 3 milljónir komu úr rafmagnssjóði til félagsins vegna framkvæmdanna þar, sem er félaginu er aldeilis ómetanlegt. Næsta verkefni nefndarinnar verður að vera lýsing á reiðleiðinni frá hesthúsahverfinu yfir í reiðhöllina, við enda gamla hringvallarins og í gegnum skógargróðurinn norðan við reiðhöllina, sem fyrirhugað var að ráðast í á liðnu starfsári en ekki komst til framkvæmda – einnig er viðhald á núverandi lýsingu í hverfinu ávallt aðkallandi.

Vallarnefndin sá til þess að vellirnir væru klárir fyrir mót og í góðu standi, valta og sanda o.þ.h. ásamt umhirðu á vallarsvæðinu. Töluverðar framkvæmdir voru síðan á rúlluplaninu, þar sem planið var stækkað töluvert og tekið til, fjarlægðar ónýtar rúllur o.þ.h. Kerruplanið hefur einnig verið á framkvæmdaáætlun og búið er að safna þar allnokkru efni, en framundan er að ganga í að jafna út öllu þessu efni, stækka kerruplanið og tryggja fráræsingu vatns af svæðinu. Rétt er að árétta það enn og aftur að rúlluplanið er eingöngu ætlað fyrir heyrúllur og bagga, ásamt vélum og tækjum til heyflutninga og kerruplanið er síðan eingöngu ætlað fyrir hestakerrur. Þessi svæði eru alls ekki til notkunar fyrir alls konar járnarusl og tæki, sem hafa ekkert með hey- eða hestaflutninga að gera.

Húsnefnd félagsheimilis hefur heldur betur haft verkefni á starfsárinu og staðið fyrir ótrúlegum framkvæmdum við endurnýjun á félagsheimilinu okkar. Gert var alveg nýtt eldhús, flísalagt með hita í gólfi, vel tækjum búið og innréttað eftir nýttiskulegustu þörfum. Gerð var skrifstofa í öðrum enda gamla eldhússins, þar sem komin er frábær aðstaða fyrir stjórnar- og nefndarfundi félagsins, svo ekki sé nú talað um aðstöðu fyrir stjórnstöð móta og viðburða á svæðinu. Gangurinn og salernin voru alveg endurnýjuð, gangur breikkaður og ný salerni gerð, allt flísalagt, þar sem meðal annars er gert salerni með aðgengi fyrir fatlaða. Skipt var um meira og minna allt rafmagn í húsinu, ný rafmagnstafla og ný lýsing. Sett var

upp loftræstikerfi úr eldhúsi og salernum – sem reyndar á eftir að fullklára. Nýtt parket var lagt á allan salinn og ræstikompuna, ásamt því að allt húsið var meir og minna málað að innan. Fleiri ný felliborð voru keypt og settar upp gardínur og gluggafilmur, svo eitthvað sé til talið. Öll þessi vinna var meira og minna unnin af sjálfboðaliðum úr röðum félagsins, auk þess sem tæki og tól voru lánuð án endurgjalds og voru þar nokkrir félagar algjörlega í fararbroddi. Mjög margir félagar komu þarna að verki og vil ég hér með færa öllum sem hlut áttu að máli hinar bestu þakkir fyrir frábært starf, stór sem smá verkefni. Einnig er vert að færa sérstakar þakkir til verktaka og efnissala, sem gáfu margir hverjir góða afslætti á vinnu sinni og efni, ásamt því að styrkja verkefnið beint í sumum tilfellum. Ég er óendanlega stoltur af þessu afreki okkar og þakka fyrir að fá að taka þátt í þessu einstaka verkefni okkar. Vona ég að svo sé einnig með aðra félagsmenn sem að komu.

Þá má einnig geta þess að Lionsklúbburinn Agla færði, í apríl-mánuði s.l., okkur Skugga mönnum að gjöf hjartastuðtæki – sem komið hefur verið fyrir á ganginum í félagsheimilinu. Tæki þessarar gerðar hafa sannað notagildi sitt og bjargað mannlífum og þó að ég voni innilega að aldrei þurfi að nota þetta tæki, þá er þetta mjög höfðingleg gjöf, frá þeim Öglukonum og eru þeim færðar hjartans þakkir fyrir gjöfina og kærleikann sem fylgir henni.



Afhending hjartastuðtækis, frá Öglum

Starfsemin í reiðhöllinni FAXABORG var með nokkuð hefðbundnu sniði á starfsárinu og mikil vinna var þar innt af hendi, m.a. af hálfu okkar fulltrúa í rekstrarfélaginu, Ámunda, Reyni, Hjálmfríði og Jóni. Viðburðir voru nokkrir, eins og undanfarin ár, svo sem KB Mótaröðin og Vesturlandssýningin (í samstarfi allra félaganna á Vesturlandi, að vanda). Einnig má tiltaka að Skuggi, Faxi og Dreyri stóðu sameiginlega að tveimur reiðnámskeiðum og sýnikennslum í reiðhöllinni í byrjun ársins, þar sem þau Rúna Einarsdóttir og Þorvaldur Árni Þorvaldsson voru með sitt hvora helgina undir. Fullbókað var á bæði námskeiðin og sýnikennslan vel sótt. Enginn dansleikur var þó haldinn síðasta vetrardag, að þessu sinni, þar sem aðrir urðu fyrri til að skella á dansleik á svæðinu skömmu áður. Margt fleira mætti líklega tína til af viðburðum í höllinni og mikil traffík var þar yfirleitt um vetrartímamann – en töluvert rólegra í sumar og haust.

Reiðhöllin Vindási ehf., félagið sem heldur utan um eignarhaldið á reiðhöllinni, er nú skuldlaust og veðbandalaust og hefur félagið verið fjármagnað af leigugreiðslum frá Selás ehf., þetta árið, en reksturinn eru um 1,0 milljón á ári, til m.a. útgjalda við tryggingar og fasteigangjöld. Fyrir dyrum er að ganga frá að gera rekstrarsamning við sveitafélagið

Borgarbyggð, eins og tíðkast um önnur íþróttamannavirki og hafa átt sér stað viðræður við sveitastjóra um þau mál.

Nú hef ég hlaupið yfir það helsta í starfinu hjá okkar í Skugga á liðnu starfsári og reynt að koma sem flestum atriðum að, en væntanlega hefur eitthvað gleymst, sem vert hefði verið að geta um. Starfsemi félagsins hefur verið á köflum mjög öflug og góð að mínu mati, þó vissulega megi mikið meira gerast í einhverjum málaflokkum okkar. Ég merki góðan samhug og vilja í félagsmönnum þegar rætt er um hin ýmsu verkefni sem vert væri að taka sér fyrir hendur í félaginu og það sýndi sig vel í stóra verkefninu okkar við félagsheimilið að allt er hægt ef vilji félaganna er fyrir hendi. Sjálfboðaliðastarf eins og unnið er í þessu félagi er ekki alltaf sjálfgefið og sjálfsgagt, en það er alveg klárt að í okkar ágæta félagi leynist oft mikill framtakskraftur, þegar félagarnir vilja virkja hann. Stjórn félagsins hefur vissulega ákveðnar skyldur til frumkvæðis og að drífa starfið áfram, en mér finnst að allir félagar og kjörnir nefndarmenn þurfi líka að líta svolítið í sinn barm og spyrja; hvað get ég gert til að koma þessu eða hinu í framkvæmd fyrir félagið okkar?

Höfum ætíð hugfast að „sameinuð stöndum við“ – og þá eru okkur allir vegir færir til góðra verka!!

Hestamannafélagið Skuggi

Stefán Logi Haraldsson, formaður

Mótorsportfélag Borgarfjarðar

Mótorsportfélag Borgarfjarðar, MSB, fagnaði 1 árs afmæli þann 1.des 2015 við lítil hátíðarhöld. Starfsemi félagsins var með hreinum ágætum þetta fyrsta ár starfseminnar. Félagar eru 85 talsins og hefur aðeins bæst við á árinu. Á vordögum vorum við með kynningu á félaginu á Bifhjólásýningu Rafta í Borgarnesi. Fengum við stórt innisvæði þar sem við stilltum upp ýmsum hjólum og öðrum mótorknúnum tækjum m.a. rallybíl og torfærubíl sem báðir eru íslandmeistarar. Og við héldum skemmtilegt mótorknúlanámskeið í Sumarfjöri UMSB þar sem 19 krakkar lærðu undirstöðu atriði við búnað og akstur motocross hjóla. Farið var í gegnum öryggisatriði hjólamenskunar, hvaða hlífðarbúnað ætti að nota og hvernig klæða átti sig í hann og svo var farið í gegnum stjórnarbúnað og grunnatrið í viðgerðum. Og svo fengu allir að prufa að keyra í braut á dúnmjúku túni og skemmtu sér vel. Reiknum við með að halda svipuð námskeið aftur og þá vonandi í okkar eigin braut. En það hefur einmitt verið megin vinna stjórnar á árinu að vinna í brautarmálum. Eða öllu heldur að fá svæði undir braut. Leitað hefur verið víða innan þess radíus sem við gáfum okkur í upphafi sem miðaðist við 10 km út frá Borgarnesi. Lítið gekk þrátt fyrir góðar ábendingar en svo fór þó að send var inn umsókn til Borgarbyggðar vegna svæðis milli Bjargs og Golfvallar Borgarness.

Landeigendur Bjargs voru áhugasamir um starfsemi okkar en svo fór, og aðallega vegna skipulagsmála að horfið var frá þeirri staðsetningu.



Þarna má sjá fyrsta áfanga blámerktan á Sólbakkasvæðinu. Annar áfangi er meðfram flugbraut í austur.

Þá bauð Borgarbyggð fram landsvæði á Sólbakka á milli iðnaðarsvæðis og flugvallar. Er það mál í ferli og bindum við vonir við að það gangi í gegn sem fyrst svo hægt sé að keppa í motocrossi á Unglingalandsmótinu í Borgarnesi. Vonum bara það besta. Okkur til mikillar ánægju fékk félagi okkar, Aðalsteinn Símonarson Íslandsmeistari í rally, góða viðurkenningu þegar hann hlaut 3ja sæti í kjöri íþróttamanns Borgarfjarðar. Við vonum að þessi viðurkenning virki hvetjandi á aðra mótorsportista í héraði til frekari afreka. Framundan er aðalfundur MSB og meðal verkefna þar er að kjósa nýja stjórn. Ljóst er að staða formanns er laus ásamt 2-3 öðrum stjórnarmeðlimum. Spennandi verkefni eru framundan hjá félaginu og næg vinna og félagar líta framtíðina björtum augum.

Jakob Guðmundsson formaður.

Skotfélag Vesturlands

Starf Skotfélags Vesturlands hefur verið með hefðbundnu sniði, á þessu fjórða starfsári félagsins, aðalfundur var haldinn 29. apríl og þar var stjórn Skotvest endur kosinn, en stjórnina skipa: Þórður Sigurðsson formaður, Ómar Jónsson ritari, Hilmir Valsson gjaldkeri og meðstjórnendur, Stefán Ólafsson og Kristján Vagn Pálsson. Haldinn hafa verið nokkur innanfélags mót í púðurgreinum, þá hafa verið haldinn tvö landsmót í loftgreinum sem voru haldinn í maí og desember en þau voru haldin í samstarfi við Skotfélag Akraness. Félagar Skotvest hafa einnig verið duglegir við að fara á skotmót hjá öðrum skotfélögum. Tvær nefndir voru skipaðar á starfsárinu, fjáröflunar og mótanefnd og var tilkoma þeirra kærkomin. Helstu verkefni stjórnar eru að halda utan um starfsemina sem og að berjast fyrir

að fá aðstöðu til skotæfinga utanhúss en þegar þetta er ritað hefur sveitarstjórn Borgarbyggðar ákveðið að halda áfram með það svæði sem um hefur verið rætt (landsvæði við Bjarnhóla) í deiliskipulag og fögnum við því. Þá hafa stjórnarmenn mætt á þau þing og fundi sem haldnir hafa verið hjá UMSB og Skotsambandi Íslands.



Tekjuöflun.

Skotfélagið hefur staðið fyrir skotprófum fyrir verðandi hreindýraskyttur eins og í fyrra, en prófin voru haldin í nágrenni Borgarness á landi sem félagið fékk tímabundið að láni og skiluðu prófin tekjum fyrir félagið. Þá hefur félagið séð um verklegan hluta skotvopnanámskeiðs á vegum Umhverfistofnunar en aðaltekjur félagsins eru í formi félagsgjalda félaga þá er félagið einnig að fá tekjur af innanhúsaðstöðunni í Brákarey.

Aðstaða.

Félagið hefur inniaðstöðu í Brákarey, og er sú aðstaða ein sú flottasta á landinu, en sökum aðstöðuleysis utanhúss verða félagar enn sem komið er að sækja utanhús æfingar annað. En aðsókn hefur verið ágæt í inniaðstöðuna og koma að jafnaði 10-15 manns á hverja æfingu.



Fyrir hönd stjórnar,
Þórður Sigurðsson

Ungmennafélagið Björn Hítðælakappi

Í ungmennafélaginu Birni Hítðælakappa eru 62 félagsmenn.

Í sumar fóru félagsmenn stórir sem smáir í það verkefni að hreinsa rusl í kringum sorpurðunarstaðinn í Fíflholtum. Góð mæting var og eftir skemmtilegan dag bauð Sorpurðun Vesturlands upp á veitingar.

Dósakassi var settur upp í byrjun sumars við Fjallhúsið við Hítarvatn.

Í Hítardalsrétt bauð félagið upp á fría súpu og gos, sem almenn ánægja var með.

Ungmennafélagið Dagrenning

Aðalfundur ungmennafélagsins var haldinn 8. febrúar. Bjarnheiður Jónsdóttir og Guðrún Björk Friðriksdóttir voru báðar kosnar áfram í stjórn. Formaður Þorvaldur Árnason sat áfram.

Stjórnarfundir ársins voru 3 talsins, auk rafrænna samskipta.



Hagyrðingakvöld var haldið síðla veturs í Brautartungu. Það var vel sótt og alltaf gaman að sjá hvað slík uppákoma er vinsæl innan héraðs sem utan. Því fjölmargir lögðu langa leið til þess að leggja við hlustir og skemmta sér.

Blásið var til tveggja dansleikja á árinu, auk þorrablóts. Páskaball var haldið föstudaginn langa og sígilt sveitaball 16. júní. Böllin voru vel sótt og fóru í flesta staði vel fram.



Það hefur myndast skemmtileg hefð meðal félaga að halda 17. júní hátíðlegan saman og dagurinn byrjaði, eins og áður, með bátakeppni á Grímsá. Bátakeppnin hefur verið haldið í fjölda ára og reglur eru þær að bátarnir mega ekki kosta meira en 10.000 og þurfa að vera heimatilbúnir. Mikill metnaður er hjá keppendum að mæta með sem

hraðskreiðasta og frumlegasta bátinn, þótt það fari ekki endilega alltaf saman.

Að lokinni bátakeppni voru keppendur þurrkaðir og haldið inn í félagsheimili þar sem viðurkenningar fyrir sigur, þurrasta keppandann og frumlegasta bátinn voru veittar. Auk þess

sem farið var í leiki og kaffihlaðborð að leik loknum. Um kvöldið hittust svo félagar aftur og grilluðu saman kvöldverð og áttu skemmtilega stund.

Um áramót komu félagar saman í Brautartungu og fögnuðu saman nýju ári.

Porrablótið fór fram á þorrapræl og var að vanda vel sótt og mikið um dýrðir.

Kotakinn ehf. leigir húsið frá 15. maí – 15. september og sér um rekstur þess á þeim tíma, þetta er annað sumarið sem húsið er leigt út með þessum hætti.

Útleiga á húsinu utan leigutíma var nokkuð góð og má helst nefna vegavinnuflokk sem hélt til í húsinu fyrri parts veturs.

Ungmennafélagið Íslendingur

Stjórn félagsins skipa; Ulla R. Pedersen, formaður
Jón Friðrik Snorrason, gjaldkeri

Á liðnu ári hafa aðeins formaður og gjaldkeri verið starfandi í stjórn félagsins, þar sem ekki tókst að manna stöðu ritara á aðalfundi í mars 2015. Stjórnarfundir voru örfáir, en samskiptin hafa farið fram á vefmiðlum og hefur það tekist nokkuð vel að leysa málin þannig. Staða félagsins er alvarleg þegar illa gengur að fullskipa stjórn. Bæði formaður og gjaldkeri hætta störfum á aðalfundi í mars 2016. Síðast liðið ár barðist samfélagið á Hvanneyri og nágrenni fyrir grunnskólanum sínum, baráttan var erfið og orkukrefjandi. Það kom sem betur fer ekki niður á starfsemi ungmennafélagsins. Facebook síða félagsins var notuð til að miðla upplýsingum til félaga, og virðist það hafa tekist ágætlega. Tvö fréttabréf voru send með pósti inn á öll heimili á félagssvæðinu. Félagið stendur fjárhagslega vel.

Æfingar sumar

Frjálsípróttæfingar fyrir alla aldurshópa voru haldnar í samstarfi við Frjálsípróttafélag Borgarfjarðar. Þjálfari var Unnur Jónsdóttir.

Fótboltaæfingar voru fyrir árganga 2002 - 2009. Þjálfarar: Eyjólfur Vilberg Gunnarsson og Einar Benedikt Jónsson.

Íþrótt- og leikjanámskeið

Í samvinnu við UMSB var haldið íþrótt- og leikjanámskeið fyrir börn í 1.-5. bekk á Hvanneyri. Góð aðsókn var á námskeiðið. Umsjónarmenn voru Þorsteinn Björnsson og Unnur Jónsdóttir, námskeiðið var með aðstöðu í grunnskólanum, Sverrisvelli og í leikfimishúsinu.

Æfingar haust voru í fótbolta, körfubolta og dans.

Mót og hlaup:

Hreppslaugarhlaup. Íþróttanefndin í samstarfi við Elísabetu Axelsdóttur og hlaupahópinn Flandra í Borgarnesi stóð í þriðja sinn fyrir Hreppslaugarhlaupi 13. ágúst. Um 110 hlauparar tóku þátt og allir skemmtu sér vel.

Sverrismótið í knattspyrnu var haldið í fimmta sinn á Hvanneyri 30. ágúst, en mótið er haldið til minningar um Sverri Heiðar Júlíusson knattspyrnuþjálfara og Hvanneyring. Ágóðinn sem safnaðist verður notaður til uppbyggingar aðstöðuhúss við völlinn. Fjöldi liða tók þátt, en á Sverrismóti er aðalatriðið að skemmta sér og hafa gaman.

Atburðir:

Jónsmessuhátíð var haldinn á Mannamótsflöt 24. júní. Þessi hátíðarhöld félagsins eru sennilega það sem er einna mest hefð fyrir. Farið er í leiki eins og reiptog, hlaupið í skarðið og spretthlaup. Vesturlandsskógar gefa tré handa nýjum félögum. Þau börn sem ná 6 ára aldri á árinu eru gjaldgeng í Ungmennafélagið, auk þess eru allir sem hafa náð þeim aldri velkomnir í félagið.

17. júní

Umf. Íslendingur hefur staðið fyrir 17. júní hátíðarhöldum á Hvanneyri síðan 2006. Lagt er af stað kl. 11:00 frá Sverrisvelli og gengið út í skjólbeltin með fána og þar er farið í leiki. Kolagrillið er á staðnum og geta gestir nýtt sér það. Góð mæting og þátttaka var eins og alltaf.

Gamlársbrenna

Eins og áður stóð félagið fyrir áramótabrennu við Tungutúnsborg rétt sunnan við þéttbýlið. Brennan tókst vel. En til að gæta öryggis var slökkviliðsbíll á staðnum.

Fjáröflun

Dósasöfnun skilaði yfir 100.000 kr til reksturs félagsins.

Rekstur

Hreppslaug

Hreppslaug var opin 6. júní til 9. ágúst 2015. Opnunartími var þriðjudaga og föstudaga kl. 18-22 og laugardaga og sunnudaga kl. 13-22. Ungmennafélagið fékk styrk frá Minjastofnun Íslands til að lagfæra Hreppslaug. Markmið framkvæmdanna er að gera við sundlaugarkerið og mála það.

Leikfimishúsið á Hvanneyri

Ungmennafélagið sér um úthlutun æfingátíma og aðgangi að leikfimishúsi Landbúnaðarháskólans samkvæmt samningi við Lbhí frá árinu 2005. Tilgangur Ungmennafélagsins var að tryggja félögum aðgang að húsinu utan hefðbundinna

æfingátíma. Lyklaskápur er við dyrnar og áhugasamir fá úthlutað talnakóða til að komast inn. Þetta fyrirkomulag gengur ágætlega.

Áhaldahús á Sverrisvelli

Landbúnaðarháskóli Íslands færði Ungmennafélaginu Íslendingi 6 m² færanlegt timburhús til eignar og afnota við Sverrisvöll á Hvanneyri.

Ungmennafélag Reykdæla

Kt 660269-6309

Logaland

320 Reykholt



Þorrablót

Þorrablót Ungmennafélags Reykdæla var haldið þann 7. febrúar í Logalandi, mæting var með besta móti. Veistustjóri kvöldsins var Guðmundur Ingi frá Brekkukoti, Kræsingar sá um þorramatinn og hljómsveitin Kopar lék fyrir dansi. Skemmtiatriði komu frá heimamönnum og veislustjóra og varð þetta hin besta skemmtun

Íþróttastarf

Íþróttastarfið var mjög blómlegt árið 2015 en UMF Reykdæla stendur fyrir æfingum fyrir börn 6-16 ára. Fyrri hluta vetrar voru æfingar í körfubolta hjá öllum árgöngum og sundæfingar. Einnig var starfræktur íþróttaskóli fyrir börn í 1-4. bekk tvisvar í viku á skólatíma sem gaf mjög góða raun og börnin fengu þar að kynnst öllum íþróttum sem mögulegt er að bjóða upp á miðað við aðstæður og tæki. Sumarið fór af stað af fullum krafti en boðið var upp á sumarfjör með leikjanámskeiði, náttúruferðum og vísindum, fótbolta og listasmiðju. fyrstu þrjár vikurnar í júní ásamt körfuboltanámskeiði og sundnámskeið fyrir börn 4-6 ára sem haldið var í júní. Auk þess voru í boði sund- og fótbolta-, og frjálssíþróttæfingar. Um haustið fóru af stað æfingar í körfu og sundi ásamt íþróttaskóla sem því miður var eingöngu hægt að hafa einu sinni í viku að þessu sinni. Ungmennafélag Reykdæla hélt Ármót í sundi þetta árið og gekk mótið hratt og vel fyrir sig en því miður var lítið um keppendur frá öðrum liðum.



17. júní

Að venju var 17. júní haldinn hátíðlegur. Riðið var til messu þar sem Sr. Geir Waage var með hugvekju en að henni lokinni var haldið í Logaland þar sem boðið var upp á hangikjöt ásamt meðlæti. Í Logalandi fór fram hátíðardagskrá með ræðu fjallkonunnar, samsöng og verðlaunaafhendingu til þeirra íþróttamanna sem hafa mætt vel á æfingar í vetur, sýnt miklar framfarir og að lokum var íþróttamaður Reykdæla krýndur sem að þessu sinni var Helgi Guðjónsson. Þá var haldið utandyra þar sem jafnt fullorðnir sem börn tóku þátt í hinum ýmsu leikjum, bæði hefðbundnum og óhefðbundnum og að sjálfsgöðu mætti karamelluflugvélin á svæðið og dreifði hlasi af karamellum til gesta.

Yngri deildin

Yngri deild Ungmennafélags Reykdæla heldur úti ýmsum viðburðum fyrir börn og unglinga 16 ára og yngri. Má þar meðal annars nefna spilakvöld og diskótek. Einnig héldu þau grímuball á öskudaginn fyrir börn á leik- og grunnskólaaldri. Mæting var góð, farið var í hina ýmsu leiki, kötturinn sleginn út tunnunni og verðlaun veitt fyrir frumlega og flotta búninga.

Skógræktin

Áfram var haldið að grisja skóginn okkar og mættu nokkrir félagar ásamt alþjóðlegum sjálfboðaliðum Seed. Farið var með stærri boli í Skorradal og þeim flett og útbúnar fjalir. Smíðuð voru bekkjir og borð úr efniviðnum. Enn er nokkur vinna eftir í skóginum en margt smátt gerir að lokum eitt stórt ☺



Markaðir

Félagið tók þátt í sveitamörkuðum sumarsins sem fóru fram í Nesi og seldu þar nýbakaðar vöflur með rjóma og heimagerðum sultum og sýrópum, einnig var kaffi, súkkulaði og djús í boði. Þetta hefur gefið ágætlega í kassann og tel ég að félagið muni halda þessari iðju áfram.

Tónleikar og hátíðir

Hátíðardagskrá var í tilefni afmælis Jónasar Árnasonar skálds í samstarfi við Snorrastofu. Húsfyllir var en metnaðarfull dagskrá var með þjóðþekktum tónlistarmönnum og kaffiveitingum að hætti sveitunga.

Tónleikar voru haldnir þann 31. október með Bjartmari Guðlaugssyni sem voru ágætlega sóttir.

Festival var einnig með tónleika og ball milli jóla og nýjárs sem heppnaðist með ágætum.

Skötunefnd

Hin árlega skötuveisla var haldin 20. desember. Boðið var upp á kæsta skötu, saltfisk, hamsatólg, hnoðmör, kartöflur og heimabakað rúgbrauð. Vel var tekið til matar og nutu gestir matar, tónlistar og félagsskapparins. Vel var mætt og rætt að næst yrði að taka við pöntunum til að áætla fjölda en það hefur ekki verið gert hingað til.

Áramótabrenna

Var á Tíðarmelnum við Reykholt. Gengið var frá kirkjunni í Reykholti og áramótasöngvar sungnir við blysför. Ágætlega tókst að tendra eld í bálinu og var fjölmennt við eldinn. Þar voru einnig tekin lög. Að vanda gladdi Björgunarsveitin Ok okkur með flugeldasýningu á brennunni.

Ungmennafélagið Skallagrímur

Badmintondeild Skallagríms

Stjórn

Formaður: Sigríður Bjarnadóttir

Ritari: Sigríður Dóra Sigurgeirsdóttir

Gjaldkeri: Ebba Pálsdóttir

Þjálfari deildarinnar er Helgi Magnússon.

Erfitt hefur reynst að ná inn fólki í stjórn og af þremur stjórnarmeðlimum hafa tveir setið nær óslitið síðustu 15 árin en hyggjast draga sig í hlé með vorinu. Það er óskandi að maður komi í manns stað og það komi ekki niður á starfi deildarinnar ef erfiðlega reynist að fylla upp í stjórnina.



Starf deildarinnar hefur verið með hefðbundnu sniði og undanfarin ár tvær æfingar á viku og fjöldi iðkenda á svipuðu róli og síðasta vetur eða um 25 virkir iðkendur en afar fá börn sem hafa sótt mót að einhverju ráði.

Rekstur deildarinnar hefur verið í jafnvægi og skiptir þá gríðarlega miklu máli fyrir okkur fyrirtækjakeppnin okkar sem við höfum haldið nánast óslitið síðustu 20 ár eða allt að því. Í ár tóku 42 lið þátt frá 32 fyrirtækjum og þökkum við að kærlega fyrir stuðninginn.

Nokkrir einstaklingar hafa verið að sækja mót. Ingibjörg Rósa Jónsdóttir hefur tekið þátt í flestum mótum innan mótaraðar Badmintonsambands Íslands og staðið sig vel. Hún ásamt Brynjari Má Ellertsyni ÍA eru ósigruð í tvenndarleik núna á miðju tímabili og sitja því efst á styrkleikalista auk þess sem hún er númer 2 á styrkleikalista í einliðaleik. Inga Rósa hefur verið valin í landsliðshóp Badmintonsambands Ísland.



Badmintonkona Skallagríms 2015 var valin Ingibjörg Rósa og hefur hún verið á meðal þeirra sterkustu á landinu í sínum flokki.

Knattspyrnudeild Skallagríms

Stjórn knattspyrnudeildar var þannig skipuð árið 2015

Formaður var Ívar Örn Reynisson, Finnbjörn Ólafsson gegndi stöðu gjaldkera. Hjalti Rósinkrans Benediktsson var ritari. Meðstjórnendur voru þau Kristján Finnur Kristjánsson, Páll Snævar Brynjarsson og Guðrún Steinunn Guðbrandsdóttir.

Markmið með starfsemi knattspyrnudeildar

Stjórn knattspyrnudeildar vinnur að því að bjóða öllum iðkendum upp á vikulegar fótboltaæfingar undir handleiðslu menntaðs þjálfara. Markmiðið er að allir finni eitthvað við sitt hæfi hjá deildinni sama hvert getustigið er. Yfirlýst markmið er jafnframt að skila

leikmönnum upp í meistaraflokk félagsins og hafa Borgnesinga í meirihluta í meistaraflokk félagsins. Ef þetta á að vera raunin þarf að byggja upp markvisst starf sem deildin og bæjarbúar geta verið stoltir af. Rekstur íþróttafélaga er ávallt erfiður og er mikið af starfinu unnið í sjálfboðavinnu. Starfsemi deildarinnar er ekki möguleg án stuðnings frá fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum. Knattspyrnudeildin er rík af fólki sem tilbúið er að gefa sína vinnu til að bæta starfið og vonum við að það verði þannig áfram því rekstur deildarinnar byggist að miklu leyti á því fólki sem tilbúið er að gefa sína vinnu til deildarinnar.

Yngri flokkar

Knattspyrnudeildin heldur úti æfingum fyrir yngri flokka og geta börn frá leikskólaaldri og upp úr mætt á æfingar hjá menntuðum þjálfurum í hverri viku. Rúmlega 100 iðkendur voru skráðir hjá deildinni í yngri flokkum í byrjun árs en við það bætast síðan leikskólakrakkar sem æfa tvisvar í mánuði hjá deildinni í kynningaverkefni. Í lok árs voru iðkendur orðnir um 120 og er von deildarinnar að þeim fjölgi enn frekar. Yngri flokkarnir voru duglegir að taka þátt í fjölíðamótum yfir sumartímann og tóku meðal annars þátt í Norðurálsmóttinu á Akranesi, þæjumóttinu í Eyjum, N1 móttinu á Akureyri og Síamótti Breiðabliks svo eitthvað sé nefnt. 4., 5. og 6. flokkur drengja tók þátt í Íslandsmóttinu og 5. og 6. flokkur stúlkna. Fjölgun iðkenda var mikil árið 2014 og fram á sumar 2015 og hefur sá fjöldi staðið í stað. Vel hefur gengið að halda eldri iðkendum inni í starfinu og er stefnt á að 7 flokkar Skallagríms taki þátt í Íslandsmóttum 2016.



Mynd: Ungar stúlkur á síamóttinu 2014

Knattspyrnudeild Skallagríms hélt einnig úti æfingum tvisvar í mánuði fyrir leikskólabörn í íþróttahúsinu á haustdögum. Þá komu leikskólabörn úr elstu deildum á leikskólunum Klettaborg og Ugluklett og stunduðu fótbolta undir handleiðslu menntaðra þjálfara foreldrum að kostnaðarlausu. Deildin leit á þetta sem eins konar kynningu á starfinu fyrir leikskólakrakka og var mikil ánægja með þetta framtak bæði hjá knattspyrnudeildinni og leikskólunum.

Samstarf við Fram og Aftureldingu

Á haustmánuðum 2015 var farið að skoða samstarf við lið í eldri flokkum til þess að hægt væri að bjóða okkar iðkendum upp á að spila 11 manna bolta. Úr varð að deildin komst að samkomulagi við Fram um samstarf í 3. flokki drengja og 4. flokki stúlkna. Í drengjaflokki spilar liðið því undir merkjum Fram/Skallagrímur og í kvennaflokki heitir liðið Fram/Afturelding/skallagrímur. Báðir flokkar taka þátt í Reykjavíkurmótinu og munu spila í Íslandsmóti sumarið 2016.

Meistaraflokkur

Knattspyrnudeildin sendi lið til leiks í meistaraflokki karla þriðja árið í röð árið 2015. Undir handleiðslu Sigurðar Þóris Þorsteinssonar stóð liðið sig vel á vormánuðum í undirbúningsmótum. Liðið var síðan nálægt því að komast í úrslitakeppnina um sæti í 3. deild um sumarið en endaði í 3. sæti síns riðils og rétt missti af sætinu. Eftir tímabilið tók Sigurður við starfi yfirþjálfara ÍR og gat því ekki haldið áfram sem þjálfari meistaraflokks. Í hans stað kom annar gamalreyndur þjálfari, Aðalsteinn Aðalsteinsson sem undanfarin ár hefur starfað sem yfirþjálfari Fram sem og að vera aðstoðarþjálfari meistaraflokks félagsins. Miklar vonir eru bundnar við þá ráðningu og er stefnan sett á að komast upp í 3. deild næsta sumar.

Fyrirmyndarfélag

Knattspyrnudeild Skallagríms hefur borið nafnbótina fyrirmyndarfélag ÍSí síðan 2010. Í byrjun árs 2015 fékk deildin viðurkenninguna afhenta að nýju við hátíðlega athöfn þegar íþróttamaður ársins var krýndur hér í Borgarbyggð.



Mynd: Ívar Örn Reynisson, formaður knattspyrnudeildar tekur hér við viðurkenningu fyrirmyndarfélags frá Viðari Sigurjónssyni fulltrúa ÍSí

Viðurkenning þessi er til marks um það góða starf sem unnið er hér í Borgarnesi. Það sem þessi viðurkenning gengur út á á það að er að innviðir deildarinnar eru skýrir og meðal þeirra þátta sem þarf að uppfylla eru skilyrði um skipulag deildar, umgjörð þjálfunar og keppni, þjálfaramenntun, félagsstarf og jafnréttismál svo eitthvað sé nefnt. Ekki væri mögulegt að

uppfylla þessi skilyrði nema fyrir þrotlaust og óeigingjarnt starf sjálfbóðaliða sem leggja sitt af mörkum til þess að deildin sé eitthvað sem við getum verið stolt af.

Aðstaða

Aðstaða til knattspyrnuíðkunar á sumrin gerist vart betri á sumrin en hér í Borgarnesi. Knattspyrnudeildin er með mjög flottan keppnisvöll sem er einnig nýttur til æfinga cirka 4 mánuði á ári. Þar að auki hefur deildin æfingavöll sem nýtist vel til æfinga og keppni hjá yngri flokkum félagsins. Ástand vallarins og æfingasvæðisins var orðið mjög slæmt í lok sumars 2012 og í kjölfar úttektar sem var gerð var ráðist í markvissar aðgerðir til að koma í veg fyrir að svæðin skemmdust meira og /eða eyðilegðust. Síðast liðin tvö sumur hefur því verið lagt meiri áhersla á viðhald og endurbætur og horfir það til betri vegar. Því ber að fagna, og það hefði verið afar dapurlegt ef eitt mest notaða mannvirki sveitarfélagsins hefði verið látið grotna niður enn frekar og eyðileggjast. Aðstaða deildarinnar á veturna er hins vegar áhyggjuefni. Sparkvöllurinn er úr sér genginn og viðhaldi ábótavant. Einnig er erfitt er að halda úti æfingum fyrir stóra hópa á vellinum. Tímar í íþróttahúsinu eru einnig af skornum skammti þar sem margar deildir vilja komast að. Knattspyrna er fyrir löngu orðin heilsársíprótt, líkt og framboð æfinga og móta allt árið, um allt land gefur glöggt til kynna og knattspyrnudeild Skallagríms vill og þarf ásættanlega aðstöðu til að geta boðið upp á æfingar fyrir alla aldursflokka allt árið. Það er því ljóst að þörf er á bættri aðstöðu fyrir knattspyrnuíðkun hér í Borgarnesi.



Framtíðin

Knattspyrnudeild Skallagríms mun áfram leggja metnað sinn í faglegt og öflugt starf í góðri sátt við umhverfi sitt og samfélag.

Faglegar áherslur í starfi næsta tímabils

- Áfram verður unnið að því að fjölga iðkendum deildarinnar
- Námskrá knattspyrnudeildar verður fullgerð og kynnt á heimasíðu félagsins
- Aukin áhersla verður lögð á það að ráða menntaða þjálfara til starfa hjá deildinni sem og að hvetja þá þjálfara sem starfa hjá deildinni til að sækja sér menntun
- Að tryggja að allir flokkar taki þátt í mótum sumar og vetur.
- Að halda úti knattspyrnskóla næsta sumar fyrir yngstu iðkendum
- Að framganga allra flokka bæði í mótum og á æfingum, innan vallar sem utan verði félaginu til sóma.
- Áfram verður áhersla lögð á ábyrga fjármálastjórnun líkt og gert hefur verið undanfarin ár

Líkt og fram hefur komið er rekstur íþróttafélags eða deildar ekki einfaldur. Deildin er með þjálfara við störf allt árið, og stjórn deildarinnar hefur ætíð lagt mikla áherslu á að halda æfingagjöldum í lágmarki. Þar sem æfingagjöld standa aðeins undir u.þ.b. 40% af kostnaði við rekstur yngri flokkanna þarf stjórnin að afla fjár með öðrum hætti. Fyrirtæki og stofnanir á starfssvæði deildarinnar hafa sýnt deildinni mikinn velvilja undanfarin ár og án þessa stuðnings væri starfið ekki jafn öflugt og raun ber vitni. Þá hefur stjórn og starfsfólk deildarinnar lagt á sig ómælda vinnu við fjáröflun. Stærstu tekjuliðir deildarinnar fyrir utan æfingagjöld og styrki voru á árinu Skallinn- kynningarblað sem gefið er út að vori og dansleikir sem deildin hefur haldið tvisvar á ári. Þá er ótalin dósakistan á planinu við N1 og aðrar fjáraflanir sem einstakir flokkar halda utan um til að fjármagna kostnað við ferðir á mót og þess háttar.

Körfuknattleiksdeild Skallagríms

Stjórn körfuknattleiksdeildar var þannig skipuð að loknum aðalfundi vorið 2015:

Formaður: Arnar Víðir Jónsson.

Gjaldkeri: Haraldur Már Stefánsson.

Ritari: Íris Gunnarsdóttir

Meðstjórnendur: Björn Bjarki Þorsteinsson, Einar Árni Pálsson, Kristinn Óskar Sigmundsson, Eðvarð Jón Sveinsson, Ásmundur Einar Daðason og Eiður Sigurðsson.

Yngri flokkar: Haraldur Már Stefánsson verkefnastjóri hafði yfirumsjón með yngri flokka starfi í samstarfi við stjórn og þjálfara fram á vorið, um haustið var svo Pálmi Þór Sævarsson ráðinn yfirþjálfari yngri flokka

Inngangur:

Mikil endurnýjun varð á stjórn Körfuknattleiksdeildarinnar nokkur ný andlit inn og aðrir stigu til hliðar og þökkum við þeim fyrir ómælda vinnu í þágu deildarinnar, ákveðið var að stækka stjórnina til að vinnan myndi skiptast niður á fleiri einstaklinga og yrði þannig auðveldara og fljótlegra að vinna með hlutina.

Stjórn deildarinnar hefur einsett sér að halda rekstri deildarinnar í jafnvægi en jafnframt efla starfsemina og fjölga iðkendum. Stjórn Körfuknattleiksdeildar Skallagríms er mjög einhuga í sínum störfum og metnaður fyrir því að halda áfram að byggja markvisst upp yngri flokkana undir öruggri handleiðslu hæfra þjálfara ásamt því að eiga m.fl. í fremstu röð á landsvísu.

Gæta þarf fyllsta aðhalds í öllum rekstri deildarinnar.

Þó unnið sé þrotlaust starf af hálfu stjórnar og velunnurum deildarinnar til að láta enda ná saman, verður körfuknattleiksdeildin eftir sem áður að treysta á velvilja og fjárframlög frá fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum. Ekki má þó mikið út af bera í rekstri deildarinnar og mikilvægt að njóta áfram stuðnings sveitarfélagsins og fyrirtækja. Án þess stuðnings er rekstur íþróttafélaga ekki mögulegur.

Innan Körfuknattleiksdeildarinnar starfar fjöldi manns bæði við leik og störf. Og flest allt unnið í sjálfboðavinnu.

Yngri flokkar:



Eins og oft hefur komið fram þá hefur körfuknattleiksíþróttin borið orðspor sveitarfélagsins víða. Góður árangur Skallagríms hefur vakið athygli og sveitarfélagið fengið mikla umfjöllun í fjölmiðlum vegna þess.

Í vetur hefur Skallagrímur verið með flokka í yngri deildum á Íslandsmóti og unga fólkið staðið sig gríðarlega vel.

Mikið er um keppnisferðir og mótahald hjá svona stórum hópi iðkenda og hafa verið mót nánast allar helgar frá upphafið keppnistímabilsins hjá einhverjum aldurshópi og gaman að sjá hversu margir eru tilbúnir að leggja fram starfskrafta sína svo allt gangi upp bæði við ferðalög og skipulagningu móta hér heima.

Stjórn deildarinnar hefur eins og áður segir lagt mikið kapp á uppbyggingarstarf og eflingu yngri flokka og mun áfram leggja mikla áherslu á að auka fagmennsku í yngriflokkastarfinu auk þess að halda áfram að fjölga iðkendum eins og kostur er.

Fjármál/Fjárafilanir:

Körfuknattleiksdeildin hefur haft mestar tekjur sínar af auglýsingasamningum við fyrirtæki og sölu aðgangsmiða og ársmiða á leiki mfl. karla. Auk þess hefur verið fitjað uppá ýmsum nýjungum í starfi deildarinnar til fjáröflunar og fjölbreytni. Má þar nefna Borgarnesblót sem er í umsjón sérstakrar þorrablótnefndar en nefndin skipleggur og undirbýr þorrablót með stjórn en leikmenn meistaraflokkanna starfa á blótinu sjálfu. Þorrablót var fyrst haldið í febrúar 2009 og hefur verið árlega síðan. Var það mikil upplýfting fyrir skemmtanalíf Borgnesinga og tekjuöflun fyrir deildina. Nytjamarkaðurinn gekk í gegnum breytingar á vordögum og var lögð mikil vinna í að laga hann til og gera aðstöðuna betri. Nytjamarkaðurinn er mikil tekjulind en þar er flottur hópur að vinna frábært starf í þágu deildarinnar. Fisksalan er deildinni mikilvæg fjáröflun og hefur fólk tekið virkilega vel í hana



Meðal helstu fjáraflana/verkefna sem körfuknattleiksdeild hefur staðið fyrir:

Þorrablót – frá febrúar 2009 og árlega síðan.

Nytjamarkaður – Opinn flesta laugardaga frá júní lokum 2009.

Fisksala – frá 2014 og heppnast frábærlega

Harðfisksala – fyrst í byrjun þorra 2009 og árlega síðan þá.

Gulrótarsala – í október 2010 og árlega síðan.

Bingó ásamt ýmsu öðru sem sem boðið er uppá.

Faglegt starf Körfuknattleiksdeildar Skallagríms

Yngri flokkar:

Yngri flokka starf deildarinnar var öflugt eins og mörg undanfarin ár, þó er mismunandi hversu margir einstaklingar skila sér til æfinga úr einstaka árgöngum en aukning hefur orðið milli ára og eru nú um 170 iðkendur á öllum aldri og báðum kynjum að æfa körfubolta hjá deildinni. Stefnt er að því að fjölga iðkendum áfram á næsta tímabili en þó ber að nefna að takmarkaður tími í íþróttasal er töluverð hindrun í yngriflokkastarfi deildarinnar.

Faglegar áherslur næsta tímabils:

Höldum áfram með starf verkefnastjóra og yfirþjálfara yngri flokka. Yfirþjálfari heldur utanum aukaæfingar í sumar fyrir þá sem vilja og undirbúning næsta tímabils.

Lögð verður áhersla á þjálfaramenntun og þjálfarar studdir til þess að sækja þjálfaranámskeið.

Markmið deildarinnar er að skrá sem flesta yngri flokka í mót næsta haust.

Vinna við að ganga inni fyrirmyndafélag ÍSÍ er á lokastigi og gengur verður inni það í byrjun árs 2016

Gjaldskrá verður stillt í hóf. Veittur er systkinaafsláttur, 50% fyrir annað systkini þriðja gjaldfrítt.

Að körfuknattleiksdeild Skallagríms verði til fyrirmyndar hvað varðar faglegt starf, rekstur og þjálfaramál yngri flokka.

Að öll framganga yngri flokka körfuknattleiksdeildar Skallagríms verði til fyrirmyndar innan vallar sem utan.

Meistaraflokkar:

Meistaraflokkur karla leikur í 1. deild og er nú í harðri baráttu um að komast aftur í úrvalsdeild þegar þetta er skrifað. Mfl. karla er með mjög ungt og efnilegt lið en það er nánast alveg skipað heimamönnum sem er mjög gott uppá framtíðina

Vorið 2014 var Pétur Ingvarsson ráðin til að taka við. Eftir brösótt gengi á hausti var ákveðið að losa Pétur undan samningi um áramót og Finnur Jónsson ráðinn í staðinn sem þjálfari og Hafþór Ingi Gunnarsson honum til aðstoðar. Í vor var svo framlengdur samningur við þá báða

Meistaraflokkur kvenna var endurvakinn og spilar einnig í 1. Deild og er eins og mfl. karla í harðri baráttu að komast uppí úrvalsdeild.

Ráðinn var Manuel Angel Rodriguez Escudero sem þjálfari og Signý Hermannsdóttir honum til aðstoðar



Faglegar áherslur næsta tímabils:

Að utanumhald æfinga og leikja verði gert fagmannlega og með sóma.

Að halda vel utan um leikmenn meistaraflokkana innan vallar sem utan.

Að mfl. karla og kvenna verði samkeppnishæf í sínum deildum.

Að efla áhuga almennings á íþróttinni.

Að leikmenn yngriflokka og meistaraflokka Körfuknattleiksdeildar Skallagríms verði til fyrirmyndar innan vallar sem utan.

Að lokum vill undirritaður þakka öllu því góða fólki sem að starfi körfuknattleiksdeildar Skallagríms hefur komið. Á þá jafnt við um stjórnarfólk, starfsmenn í kringum leiki mót og alla þá sem að fjáröflunum og öðru starfi hafa komið.

Borgarnesi 15. Feb 2015

f.h. stjórnar Körfuknattleiksdeildar Skallagríms

Arnar Víðir Jónsson formaður

Sunddeild Skallagríms

Stjórn Sunddeildar Skallagríms var skipuð Helgu J. Svavarsdóttur formanni, Önnu Baldrúnu Garðarsdóttur gjaldkera, Ástu Kristínu Guðmundsdóttur ritara, Heiði Hörn Hjartardóttur og Gestu A. Grjetarssyni meðstjórnendum og varamanni. Á haustmánuðum gekk Gestur A. Grjetarsson úr stjórn en Kjartan Sigurjónsson tók við af honum.

Þjálfarar: Á vorönn þjálfaði Lilja Guðrún Guðmundsdóttir Kópa, Seli og að hluta til Höfrunga, auk þess að halda námskeið fyrir 4 - 5 ára börn, og Ísfold Rán Grétarsdóttir þjálfaði Höfrunga. Lilja og Ísfold hættu báðar s.l. vor og Sólrún Halla Bjarnadóttir tók við þjálfun Kópa og Höfrunga og Gunnfríður Ólafsdóttir við þálfun Sela. Aðstoðarþjálfarar í yngri hópum voru þeir Styrmir Stefánsson (vorönn) og Aron Máni Nindel Haraldsson (haustönn).

Að venju var nóg um að vera hjá Sunddeildinni og lögð var áhersla á tilbreytingu og ýmis uppbrót frá hefðbundnum æfingum, eins og vinaæfingar, dótaæfingar, bíósýningar og leiki. Sundmenn frá sunddeild Skallagríms kepptu á Gullmóti KR í Laugardalslaug 13. - 15. febrúar, Unglingalandsmóti á Akureyri í ágúst og Lionsmóti Skallagríms 14. nóvember.

Ýmsar stærri uppákomur hafa verið á árinu, t.d. á seinustu æfingu fyrir páska var s.k. páskaeggjasund, þar sem allir



iðkendur sýndu áhorfendum hæfni sína við mikið lof viðstaddra. Að því loknu fengu öll börnin páskaegg en að auki fengu 4 - 5 ára börnin, sem voru að ljúka sínu námskeiði, afhent sérstakt viðurkenningarskjal. Í byrjun júní var Vorhátíðin, síðasti viðburður vetrarins, en þá sýndu



iðkendur kunnáttu sína fyrir foreldrum og forráðamönnum. Börnin voru kvödd með grillveislu í Skallagrímssgarði. Haustið byrjaði með þátttöku í Hreyfiviku UMFÍ en haldnar voru opnar blöðru- og diskóæfingar sem vöktu mikla lukku barnanna. Lionsmót Sunddeildar Skallagríms var haldið 14. nóvember, fyrir iðkendur 10 ára og yngri. Það heppnaðist vel og mættu 114 sundmenn frá 7 sundfélögum. Líf og fjör var í innilauginni þennan dag og stóðu áhorfendur þétt saman á bakkanum. Margir sundmenn taka sín fyrstu sundtök í keppni á þessu móti og þeir eru ófáir sem eiga góðar minningar frá Lionsmótum í gegnum tíðina. Mótinu var formlega slitið í Félagsmiðstöðinni Óðali þar sem allir þátttakendur fengu afhenta verðlaunapeninga sem gefnir voru af Lionsklúbbi Borgarness. Að því loknu gafst öllum kost á að horfa á bíósýningu.



Samstarf við UMFG í Grindavík og UMFB í Bolungarvík lá niðri þetta árið en von er um að það haldi áfram. Samstarf við Reykdæli var eflt enn frekar frá síðasta ári og fóru sundmenn frá Skallagrími að Kleppjárnsreykjum í nokkur skipti. Von er á að Reykdælir þiggi heimboð á komandi starfsári en bæði þessi félög keppa undir merkjum UMSB. Samstarf við ÍA er enn í mótun en elstu sundmennirnir okkar hafa á liðnu ári farið á nokkrar æfingar út á Akranes.

Fjáröflun: Í september gekk sunddeildin til liðs við Bláa naglann með sölu á blárri fjöður, en Blái naglinn vinnur að forvörnum og styður með söfnunum við krabbameinsrannsóknir, m.a. á blöðruháls- og ristilkrabbameini. Lionsmótið hefur lengi verið ein helsta fjáröflun félagsins og var á sínum stað í nóvember. Sala friðarkerta í aðdraganda aðventunnar hefur skapað sér sess hjá sunddeildinni og var henni framhaldið í ár en salan er til styrktar Hjálparstofnun kirkjunnar. Fyrir sölu á blárri fjöður og friðarkertum fær deildin hluta sölutekna.

Stjórn Sunddeildar Skallagríms þakkar öllum fyrir gott samstarf á árinu 2015, sérstaklega sundfólkinu okkar, þjálfurum og foreldrum.



F.h. stjórnar Sunddeildar Skallagríms

Ásta Kristín Guðmundsdóttir
Helga J. Svavarsdóttir

Ungmennafélag Stafholtstungna



Aðalfundur: Aðalfundur félagsins var haldinn 24. febrúar og er núverandi stjórnarskipan þannig að Agnes Guðmundsdóttir er formaður, Sæunn E. Sverrisdóttir gjaldkeri og Hlöðver Ingi Gunnarsson ritari. Stjórnarfundir voru fjórir talsins síðasta ár, auk símtala og tölvusamskipta.

Nýársbrenna: Hin árlega nýársbrenna félagsins var haldin þann 2. janúar við félagsheimilið Þinghamar. Hún var í samvinnu við bæði björgunarsveitina Heiðar sem sá um flugeldasýningu fyrir ungmennafélagið og Kvenfélag Stafholtstungna sem stóð fyrir félagsvist seinna um kvöldið.

Íþróttir: Knattspyrnuæfingar voru á fyrstu mánuðum ársins fyrir yngri meðlimi félagsins. Yfir sumartímamann voru frjálsíþróttæfingar 1x í viku þar sem Unnur Jónsdóttir þjálfaði. Knattspyrnuæfingar voru einnig 1x í viku yfir sumarið og sáu Jóhannes Magnússon og Ómar Ólafsson um þær. Æfingar sumarsins voru vel sóttar og enduðu með gríni, glensi og þátttöku foreldra að vanda.

Einnig var boðið upp á leikjanámskeið á Varmalandi eina viku í júní í umsjón Rakelar Guðjónsdóttur þar sem Sigríður Sjöfn Helgadóttir, Sæunn E. Sverrisdóttir, Þórunn J. Kristinsdóttir og undirrituð voru til aðstoðar.

Yngri meðlimir félagsins tóku þátt í nokkrum mótum innan héraðs sem utan. Ármótið í frjálsum íþróttum var í umsjá félagsins þetta árið og var haldið á Skallagrímavelli í Borgarnesi þann 7. júlí. Nýju tímatökutækin sem Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar keypti á árinu fyrir styrk frá Ungmennafélagi Stafholtstungna, komu þar að góðum notum.



Íþróttamaður félagsins árið 2015 var sem fyrr valinn í janúar 2016 og varð Sigursteinn Ásgeirsson hlutskarpastur í því vali. Hann var tilnefndur fyrir afrek sín í frjálsum íþróttum.

17. júní hlaupið, 600 m hlaup fyrir börn 12 ára og yngri, var haldið þann 2. júní á Varmalandi. Hlaupið er samstarfsverkefni félagsins og íþróttakennara á Varmalandi og er haldið síðasta skóladaginn. Sigurvegari ársins 2015 að þessu sinni var Bjartmar Áki Sigvaldason.



Hestaferð: Þann 7. júlí var farið í reiðtúr á vegum ungmennafélagsins. Lagt var af stað frá Þverárrétt og lá leiðin um Norðtunguskóg. Hægt er að fara marga slóða sem búið er að ryðja í skóginum og víða er umhverfið ævintýraveröld líkast. Áð var í falletu rjóðri og nesti borðað. Veðrið var mjög gott þó það hvessti aðeins í restina, en reiðmenn létu það ekki á sig fá. Um 20 manns tóku þátt í reiðtúrnum og var gaman að sjá hversu duglegir og efnilegir yngstu knaparnir voru.



Fjáröflun: Dósaöfnun hefur til margra ára verið helsta fjáröflunarleið ungmennafélagsins. Dósaáámar merktir félaginu eru í sumarbústaðahverfi Munaðarness, á afleggjarnum að Valbjarnarvöllum og á tjaldsvæðinu á Varmalandi. Mikilvægt er að skipulega sé unnið að losun gámana en tæma þarf að minnsta kosti aðra hverja viku yfir sumartímam og fylgjast vel með losun þeirra að vetri til. Einnig stóðu félagsmenn vaktina í dyrum Þinghamars á dansleikjum harmonikkunnenda um verslunarmannahelgina. Stóðu ungmennafélagar og stjórnarmenn sig vel í að manna verkin og reyndust ávallt reiðubúnir.

Bekkiartré: Ungmennafélagið gaf 1. bekk Varmalandsdeildar Grunnskóla Borgarfjarðar bekkjartré. Ákveðið var að skoða hvers konar lauftré væru í boði á gróðrastöðinni á Þorgautsstöðum í Hvítársíðu og kom tréið því úr heimahéraði. Bekkurinn valdi þá tegund sem þeim fannst efnilegust og varð heggur fyrir valinu. Það mun vonandi prýða og auka fjölbreytni skógarins á Varmalandi þegar fram sækir. Nemendur munu síðan fylgjast áfram með vexti bekkjartrésins á meðan á skólagöngu þeirra stendur.

Leikdeild: Aðalfundur leikdeildarinnar var haldinn á árinu, einnig voru nokkrir stjórnarfundir. Stjórn leikdeildar skipa, Ásgeir Ásgeirsson formaður, Erla Gunnlaugsdóttir gjaldkeri og Sigurlaug Kjartansdóttir ritari.

Gönguferð: Gönguferð félagsins var farin þann 16. ágúst. Gengin var ein af þeim leiðum sem félagið hefur látið merkja og kortleggja. Farið var frá afleggjarnum að Stóru-Skógum, norður fyrir Hól mavatn, að bæjarrústum Stapasels, í áttina að Lambavatni, milli Litla-Skarðsfjalls og Grafarkotsfells og að bílaplani við Grafarkot. Örlítill rigningsuddi var á meðan göngunni stóð en leiðin reyndist góð gönguleið. Göngustjóri var Guðmundur Finnsson.



Synt í 120 ár: Félagið kom að sögusýningu um gömlu sundlaugarnar við Veggjalaug í Stafholtstungum sem sett var upp í baðhúsi sundlaugarinnar á Varmalandi þann 6.júní. En 120 ár eru liðin frá því að fyrsta sundlaugin var gerð á hverasvæðinu við Veggjalaug og sundkennsla hófst. Var fyrsta laugin hlaðin úr torfi árið 1895 af áhugamönnum. Félagið lét steypa upp nýja laug árið 1931. Skólarnir á Varmalandi stóðu fyrir byggingu þriðju sundlaugarinnar árið 1958 og er hún enn starfrækt en gömlu laugarnar eru horfnar. Sýningin var uppi í sumar á meðan sundlaugin var opin. Um sögu sundlauganna má lesa í ítarlegri grein eftir Helga Bjarnason frá Laugalandi í Borgfirðingarbók 2015 en hann hafði veg og vanda að uppsetningu sýningarinnar.



Sundkennsla í torflauginni 1929

Annað: Félagsmenn komu og aðstoðuðu við matseld, gæslu og þrif við Frjálsíþróttaskóla UMFÍ sem haldinn var í Borgarnesi á síðasta ári. Boðið var upp á sundmiða fyrir félagsmenn í þær sundlaugar sem reknar eru af Borgarbyggð til að ýta undir ánægjulegar stundir félagsmanna tengdar sundiðkun. Félagið stóð fyrir að kurl var borið í göngustíga í skóginum á Varmalandi. Einnig bauð félagið upp á fyrirlesturinn „Meir en 1000 orð“ fyrir unglunga bæði á Varmalandi og á Kleppjárnsreykjum, ásamt því að starfsmönnum og foreldrum var boðið að hlusta með. Fyrirlesari var Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, höfundur stuttmyndanna „Fáðu já“ og „Stattu með þér“.

Að lokum vil ég þakka stjórnarmönnum og öðrum félagsmönnum óeigingjarnt starf í þágu félagsins en án þeirra væri afar erfitt að halda félagi sem þessu virku.

F.h. stjórnar
Agnes Guðmundsdóttir

Ungmenna- og íþróttafélag Hvalfjarðarsveitar

Aðalfundur félagsins var haldinn 31. mars á Laxárbakka. Á fundinum var Ása Hólmarsdóttir kosin nýr aðalmaður í stjórn í stað Heiðmars Eyjólfssonar. Jafnframt var skipaður nýr varamaður þar sem Sara Margrét Ólafsdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi starfa. Nýr varamaður er Jón Rúnar Hilmarsson.

Stjórn félagsins skipa:

Dagný Hauksdóttir, formaður
Guðný Kristín Guðnadóttir, gjaldkeri
Brynjólfur Sæmundsson, ritari
Þorleifur Baldvinsson, stjórnarmaður
Ása Hólmarsdóttir, stjórnarmaður

Formlegir stjórnarfundir voru þrjár á árinu auk fjölda undirbúningsfunda vegna Þorralóts Hvalfjarðarsveitar 2015 og Hvalfjarðarhlaupsins.

Ungmenna- og íþróttafélag Hvalfjarðarsveitar stóð fyrir eftirfarandi viðburðum á árinu:

- Stjórn félagsins skipulagði og hélt Þorralót í Hvalfjarðarsveit 31. janúar 2015.
- Í vetur var boðið upp á jóganámskeið í Heiðarborg á vegum Sigríðar Láru Haraldsdóttur.
- Í maí var boðið upp á sundnámskeið fyrir 5-6 ára börn í Heiðarborg á vegum Hildar Karenar Aðalsteinsdóttur.
- Kvennahlaup ÍSÍ var haldið í Hvalfjarðarsveit. Hlaupið var 13. júní og var boðið upp á tvær vegalengdir 1,5 km, 3 km og 5 km. Hlaupið var frá Heiðarborg og inn Leirársveit. Góð þátttaka var í hlaupinu og voru þátttakendur 22 að þessu sinni.
- Í sumar var spilaður fótbolti vikulega á íþróttavelli félagsins í Saurbæ.
- Í lok ágúst voru haldnir Hvalfjarðardagar hér í sveit. Ungmenna- og íþróttafélag Hvalfjarðarsveitar sá um dagsskrá eina kvöldstund. Sveitagrill.
- Á Hvalfjarðardögum stóð félagið einnig fyrir Hvalfjarðarhlaupi þann 29. ágúst. Boðið var upp á þrjár vegalengdir, 14km, 7km og 5km. Þátttaka fór fram úr björtustu vonum en alls voru hlaupararnir 41 þrátt fyrir leiðinda veður.

F.h. stjórnar

Dagný Hauksdóttir, formaður

Guðný Kristín Guðnadóttir, gjaldkeri

Ungmennasamband Borgarfjarðar

Ársreikningur 2015

Rekstrarreikningur árið 2015

	Skýr.	Áætlun 2015	2015	2014
10000 REKSTRARTEKJUR				
10099 Félagaskattur	1	1.346.850	1.336.950	1.484.550
11000 Framlög og styrkir	2	17.432.591	17.798.174	12.053.318
14000 Lottó	3	6.369.066	6.390.953	6.101.800
15000 Tekjur v/íþróttu og móta	4	0	440.700	320.000
20000 Húsa- og vallarleigutekjur	6	26.305.956	26.345.956	25.008.850
22000 Aðrar tekjur	7	0	82.300	197.200
2999 Rekstrartekjur alls		51.454.463	52.395.033	45.165.718
30000 REKSTRARGJÖLD				
31000 Laun og verktakagreiðslur	8	14.400.000	15.230.484	8.900.470
35000 Styrkir til aðildarféлага	9	7.867.706	7.852.603	7.912.643
37000 Áhöld og tæki	11	200.000	261.794	322.367
40000 Þátttaka í mótum	12	0	64.500	78.738
45000 Kostnaður v/mótahalds	13	100.000	604.111	462.300
48000 Rekstur mannvirkja	14	26.346.166	26.904.003	25.262.952
53000 Rekstur skrifstofu	15	908.000	1.529.527	820.427
56000 Kynning, fræðsla og útbreiðsla	16	298.636	622.691	646.580
65000 Önnur gjöld	18	658.755	541.044	42.475
74999 Rekstrargjöld alls		50.779.263	53.610.757	44.448.952
75000 Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		675.200	-1.215.724	716.766
76000 FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD				
76100 Vaxtatekjur			77.643	121.499
76200 Vaxtagjöld - dráttarvextir			-24.378	-34.753
76300 Vaxtagjöld og verðbætur af langtímalánum			0	-6.141
78999			53.265	80.605
79000 Hagnaður (tap) tímabilsins			-1.162.459	797.371

Efnahagsreikningur árið 2015

80000 EIGNIR

81000	FASTAFJÁRMUNIR			
83000	Varanlegir rekstrarfjármunir	21	7.975.561	7.975.561
84999	Fastafjármunir alls		<u>7.975.561</u>	<u>7.975.561</u>

85000 VELTUFJÁRMUNIR

87000	Skammtímakröfur	24	672.942	551.706
88000	Handbært fé	25	4.815.013	7.731.693
89998	Veltufjármunir alls		<u>5.487.955</u>	<u>8.283.399</u>

89999	Eignir samtals		<u>13.463.516</u>	<u>16.258.960</u>
-------	-----------------------	--	-------------------	-------------------

90000 SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

91000 EIGIÐ FÉ

91100	Óráðstafað eigið fé		4.785.586	3.988.215
91200	Endurmatsreikningur		4.773.027	4.773.027
91300	Tekjuafgangur ársins		-1.162.459	797.371
91999	Eigið fé alls		<u>8.396.154</u>	<u>9.558.613</u>

92000 LANGTÍMASKULDIR

94000 SKAMMTÍMASKULDIR

94100	Ógr. laun og launatengd gjöld	26	460.735	569.247
95700	Viðskiptaskuldir		1.942.900	3.618.652
96100	Afreksmannasjóður		2.663.727	2.512.448
99997	Skammtímaskuldir alls		<u>5.067.362</u>	<u>6.700.347</u>

99999	Skuldir og eigið fé samtals		<u>13.463.516</u>	<u>16.258.960</u>
-------	------------------------------------	--	-------------------	-------------------

Sundurliðanir

10099 1. Félagaskattur

10100	Félagaskattur	1.336.950	1.484.550
10999	Félagaskattur alls	<u>1.336.950</u>	<u>1.484.550</u>

11000 2. Framlög og styrkir

11099 Styrkir ÍSÍ og UMFÍ

11100	Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	350.178	380.819
11499	Styrkir, ÍSÍ og UMFÍ alls	<u>350.178</u>	<u>380.819</u>

11500 Styrkir, bæjarfélag

11510	Styrkir frá sveitarfélögum	16.703.620	11.349.156
11599	Styrkir, bæjarfélag alls	<u>16.703.620</u>	<u>11.349.156</u>

12000 Aðrir styrktaraðilar

12100	Aðrar tekjur	516.377	124.212
12150	Bókshaldsstyrkir KPMG	227.999	199.131
13998	Aðrir styrktaraðilar alls	<u>744.376</u>	<u>323.343</u>
13999	Framlög og styrkir alls	<u>17.798.174</u>	<u>12.053.318</u>

14000 3. Lottó

14100	Lottó ÍSÍ	2.494.005	2.367.168
14200	Lottó UMFÍ	3.896.948	3.734.632
14999	Lottó alls	<u>6.390.953</u>	<u>6.101.800</u>

15000 4. Tekjur v/íþróttá og móta

16200	Frjálsíþróttaskóli - þáttt.gjöld	440.700	320.000
16999	Tekjur v/íþróttá og móta alls	<u>440.700</u>	<u>320.000</u>

20000 6. Húsa- og vallahleigutekjur

20100	Húsaleiga	220.000	240.000
20150	Styrkur Borgarbyggð v. mannvirkja	6.000.000	4.500.000
20200	Reiknuð leiga íþróttamannvirkja	20.125.956	20.268.850
21999	Húsa- og vallahleigutekjur alls	<u>26.345.956</u>	<u>25.008.850</u>

22000 7. Aðrar tekjur**23000 Vörusala**

23100	Seldur íþróttafatnaður	82.300	197.200
23999	Vörusala alls	82.300	197.200
29998	Aðrar tekjur alls	82.300	197.200

31000 8. Laun og verktakagreiðslur**32000 Laun**

32100	Laun skrifstofu	10.888.828	6.652.800
32500	Tryggingagjald	983.265	610.162
32600	Lífeyrissjóður	1.088.882	661.280
32700	Orlofs- og sjúkrasjóður	182.939	105.114
32800	Slysatryggingar	16.570	6.114
32999	Laun alls	13.160.484	8.035.470

33000 Bifreiða- og aðrir styrkir

33100	Bifreiðakostnaður	1.150.000	725.000
33500	Dagpeningar	920.000	140.000
33999	Bifreiða- og aðrir styrkir alls	2.070.000	865.000
34999	Laun og verktakagreiðslur alls	15.230.484	8.900.470

35000 9. Styrkir til aðildarfélaga

35100	Aðildarfélög v. lottó	3.097.555	2.898.205
35200	Afreksmannasjóður v. lottó	319.547	304.392
35400	Ferðastyrkir	175.000	0
35500	Starfsstyrkir til aðildarfélaga	4.060.501	4.710.046
35600	Sérverkefni	200.000	0
35999	Styrkir til aðildarfélaga alls	7.852.603	7.912.643

37000 11. Áhöld og tæki

37100	Búningar	61.800	302.432
37300	Skrifstofuáhöld	59.999	0
38100	Önnur áhöld	139.995	19.935
39999	Áhöld og tæki alls	261.794	322.367

40000 12. Þátttaka í mótum

43000	Skráningargjöld	64.500	38.250
44100	Annar þátttökukostnaður	0	40.488

44999	Pátttaka í mótum alls	64.500	78.738
45000 13. Kostnaður v/mótahalds			
45100	Verðlaunapeningar	207.766	73.690
46100	Kostnaður v. móta	70.945	68.610
47100	Íþróttaskóli	325.400	320.000
47999	Kostnaður v/mótahalds alls	604.111	462.300
48000 14. Rekstur mannvirkja			
48100	Húsaleiga (sbr. 11700)	49.500	0
48120	Reiknuð leiga íþróttamannvirkja	20.125.956	20.268.850
48130	Umhirða íþróttavalla	6.000.000	4.500.000
48200 Rekstur Borgarbraut 61			
48210	Tryggingar	21.788	33.748
48220	Rafmagn	58.922	52.633
48230	Hiti.	65.181	68.016
48240	Viðhald	82.243	2.488
48250	Fasteignagjöld	146.560	134.492
48260	Vatns og fráveitugjöld	76.927	60.831
48270	Annar kostnaður	9.101	0
48410	Sameiginlegur kostnaður	267.825	141.894
48499	Rekstur Borgarbrautar 61 alls	728.547	494.102
52999	Rekstur mannvirkja alls	26.904.003	25.262.952
53000 15. Rekstur skrifstofu			
53100	Sími.	376.091	268.461
53200	Ritföng	80.776	39.551
53500	Póstkostnaður	1.795	10.385
53600	Kostnaður v. funda	316.495	12.060
53700	Kaffikostnaður	107.560	5.556
53800	Tölvukostnaður	37.902	201.403
53900	Bókhaldskostnaður	227.999	199.131
53910	Kostnaður v. ársskýrslu	83.529	83.880
53920	Innheimtugerfi	197.380	0
54100	Annar skrifstofukostnaður	100.000	0
55999	Rekstur skrifstofu alls	1.529.527	820.427

56000	16. Kynning, fræðsla og útbreiðsla		
56200	Ferðakostnaður v/námskeiða	70.000	0
56300	Styrkir	6.000	0
56500	Fréttabréf / auglýsingar	355.519	364.333
56600	Heimasíða	86.172	249.247
58100	Námskeið	105.000	33.000
59999	Kynning, fræðsla og útbreiðsla alls	622.691	646.580

65000	18. Önnur gjöld		
65100	Þjónustugjöld VISA/EURO	34.894	0
65200	Þjónustugjöld banka	6.693	7.532
65400	Annar kostnaður	499.457	34.943
69999	Önnur gjöld alls	541.044	42.475

83000	21. Varanlegir rekstrarfjármunir		
83110	Borgarbraut 61	6.874.928	6.874.928
83120	Hluti í Þinghamri	4.001	4.001
83130	Safnahús	3.000	3.000
83140	Íþróttavöllur Varmalandi	7.043	7.043
83510	Tölva og fylgihlutir	55.269	55.269
83520	Húsgögn	38.414	38.414
83540	Tjald	42.126	42.126
83550	Íþróttáhöld	950.780	950.780
83999	Varanlegir rekstrarfjármunir alls	7.975.561	7.975.561

87000	24. Skammtímakröfur		
87100	Viðskiptakröfur	672.942	551.706
87999	Skammtímakröfur alls	672.942	551.706

88000	25. Handbært fé		
88100	Reikn nr. 59	2.470.833	5.714.468
88200	Peningamarkaðsreikn 552045	2.344.180	2.017.225
88997	Handbært fé alls	4.815.013	7.731.693

94100	26. Ógr. laun og launatengd gjöld		
94120	ógr. lífeyrissjóður	132.974	253.169
94140	ógr. félagsgjöld	16.503	18.546
94400	ógr. staðgreiðsla	209.713	200.225
94450	ógr. tryggingagjald	66.047	79.608
94550	ógr. skattar utan staðgreiðslu	35.498	17.699
94999	Ógr. laun og launatengd gjöld alls	460.735	569.247

Ungmennasamband Borgarfjarðar

Afreksmannasjóður - Ársreikningur 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrartekjur			
Framlög v/Lottó		319.547	304.392
Framlag Borgarbyggð		304.538	309.250
Vextir		52.742	0
		676.827	613.642
 Gjöld			
Styrkir		515.000	315.000
Vextir		10.548	24.299
		525.548	339.299
 Rekstrarniðurstaða		 151.279	 274.343
 Efnahagsreikningur			
Eignir			
Bankareikningur		2.344.180	2.017.225
Krafa á UMSB		676.827	495.223
Eignir samtals		3.021.007	2.512.448
 Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		3.021.007	2.512.448

Áritanir á ársreikning UMSB 2015

Ársreikningur Ungmennasambands Borgarfjarðar fyrir árið 2015 hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og sundurliðanir. Samkvæmt rekstrarreikningi er tap ársins 1,1 millj.kr. og eigið fé í árslok er 8,4 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Ársreikningurinn er á ábyrgð stjórnar sambandsins og samþykkir stjórn og framkvæmdastjóri ársreikninginn fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Borgarnesi, 10. mars 2016.

Stjórn:
Sigurður Einarsson
Ársteinn Gunnarsson

Þorkildur Mene Kristinsson
Sóhlin Halla Bjarnadóttir
Framkvæmdastjóri:

Pálmi Blöggsson

Við höfum aðstoðað stjórnendur Ungmennasambands Borgarfjarðar við gerð ársreiknings sambandsins fyrir árið 2015. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins sem fært er af okkur. Við höfum ekki framkvæmt endurskoðun.

Borgarnesi, 10. mars 2016.

KPMG ehf.

Konradur Konradsson

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Ungmennasambands Borgarfjarðar höfum yfirfarið ársreikning sambandsins fyrir árið 2015. Teljum við hann sýna rétta mynd af rekstri sambandsins á árinu 2015 og efnahag þess í árslok 2015. Leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Borgarnesi, 10. mars 2016.

Luttor Þurpúlfsson
Einar Ólafur Pedersen